

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 349. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 11. nóvember 2021 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:



- 1) Tjaldstæði Snæfellsbæjar 2021 – Patrick og Rebekka, umsjónarmenn tjaldstæða mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 327. fundar bæjarráðs, dags. 21. október 2021.
- 3) Fundargerðir 203. og 204. fundar menningarnefndar, dags. 30. september og 12. október 2021.
- 4) Fundargerð 12. fundar öldungaráðs, dags. 11. október 2021.
- 5) Fundargerð 153. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar, dags. 9. nóvember 2021.
- 6) Fundargerð 1. fundar sameiningarviðræðna Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar, dags. 27. september 2021.
- 7) Fundargerð 196. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 4. október 2021.
- 8) Fundargerðir 122. og 123. fundar stjórnar FSS, dags. 27. september og 27. október 2021.
- 9) Fundargerð aðalfundar byggðasamlags um rekstur Félags- og skólapijónustu Snæfellinga, dags. 27. september 2021.
- 10) Fundargerð aðalfundar Jeratúns, dags. 26. ágúst 2021.
- 11) Fundargerð hluthafafundar Jeratúns, dags. 6. september 2021.
- 12) Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 6. október 2021, ásamt verklagsreglum um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, vinnuvélar og lausamuni.
- 13) Fundargerð 170. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 11. október 2021.
- 14) Fundargerð eigendafundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 18. október 2021, ásamt fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2022.
- 15) Fundargerð 194. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 21. september 2021.
- 16) Fundargerð 902. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. október 2021.
- 17) Fundargerð 438. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 15. október 2021.
- 18) Bréf frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 25. október 2021, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klífi þann 21. nóvember n.k. fyrir jólabasar eldri borgara.
- 19) Bréf frá knattspyrnudeild Víkings Ó, dags. 2. nóvember 2021, varðandi ósk um viðbótarstyrk 2021.
- 20) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 22. október 2021, varðandi sameiningu Kjalar og SDS.
- 21) Bréf frá Háskólanum á Bifröst, dags. 1. október 2021, varðandi aukna samfélagsþátttöku á Vesturlandi.
- 22) Bréf frá mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 1. nóvember 2021, varðandi Dag íslenskrar tungu.
- 23) Bréf frá umboðsmanni barna, dags. 2. nóvember 2021, varðandi Barnaþing 2021.
- 24) Bréf frá EBÍ, dags. 22. október 2021, varðandi ágóðahlutagreiðslur.
- 25) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. nóvember 2021, varðandi boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki.
- 26) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. nóvember 2021, varðandi verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis.
- 27) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. nóvember 2021, varðandi ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamála.
- 28) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 29. október 2021, varðandi þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa.
- 29) Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu, dags. 25. október 2021, varðandi tilnefningu fulltrúa sveitarfélags vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- 30) Bréf frá Smagöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 11. október 2021, varðandi útkomuspá sveitarfélaga 2021 og fjárhagsáætlun 2022.
- 31) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans árið 2022. Fyrri umræða.
- 32) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 9. nóvember 2021  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


# TJALDSTÆÐI SNÆFELLSBÆJAR

## SKÝRSLA 2021

### GESTAKOMUR OG INNKOMA







Rúmlega helmingi fleiri tjalldgestir í ár frá því 2020. Tjaldstæðin voru opin frá maí til október en árið 2020 voru þau opin frá miðum maí til lok september.

## VIÐHALD OG ENDURBÆTUR

### Hellissandur

Viðhald	Betrum bætur – aukin þjónusta
Setja upp þvagskál (bara búið að setja upp eina), athuga með frárennslið. Skálin sem er núna í notkun fyllist af vatni þegar sturtað er niður og vatnið rennur mjög hægt niður.	Þvottasnúrur, það voru þvottasnúrur en þær voru teknar þegar nýja húsið var byggt.
Athuga með þéttingu á skilum milli gólfs og veggjar í sturtum, lekur vatn fram frá skilunum (þarf líklega að setja meira af sílikonkíttri)	Vantar hillur eða litla eldhúseiningu með skáp, til að geyma potta, pönnur og leirtau.
Setja lista á gólfina við hurðaropið á sturtunum, vatnið leggur annars fram.	Handþurrkur, erum núna að nota handpappír.
Niðurföll í sturtum þarf að athuga, fyllast fljótt af hári og drullu. Ef þau er ekki hreinsuð að minnsta kostið þrisvar yfir daginn þá stíflast þau.	Skiptiborð til að festa uppávegg inn á klósettið með hjólastóla aðgengi.
Rafmagn slær reglulega út, þarf að finna út hvað er að valda því!	Setja stubbahús.

## Ólafsvík

Viðhald	Betrum bætur – aukin þjónusta
Handþurrkur orðnar lélegar, þarf að setja nýjar.	Losun fyrir húsbíla og vagna, gera eins og er á tjaldstæðinu á Hellissandi.
Leikvöllur, róla og rennibraut þarfnast viðhalds.	Bæta við borði inn í eldhús. Væri hægt að taka borðplötuna og skúffueiningu sem er hægra megin þegar komið er inn, nýtist illa og tekur mikið pláss. Hægt væri að hafa tvö laus borð og stóla (eins og á Hellissandi).
Athuga með frárennslið á vatni, þegar rignir mikið rennir vatnið mjög hægt í niðurföllum.	Athuga með hvort hægt sé að láta hurðina opnast út í eldhúsinu. Rýmið mun nýtast betur.
Hitakútur er að slá oft út, þarf að finna út úr því.	Salernisgámur, fá stærri og með sturtum.
Drena tjaldstæðið, verður eitt drullusvað eftir miklar rigningar. Lausn væri að loka viðkvæmum svæðum fyrir bílum eins og fyrir framan þjónustuhús.	Athuga með að útbúa skjól fyrir tjöld, með veggjum eða gróðri.
Athuga með hvernig er hægt að hægja á umferð upp að virkjuninni, það er keyrt of hratt veginn upp að virkjun. Leikvöllurinn og þjónustuhúsið er sitthvoru megin við veginn, börn eru fara yfir veginn til að fara á leikvöllinn.	

## Hellissandur/Ólafsvík

- Setja þvottavél og þurrkara.
- Setja upp yfirlitsmynd þar sem merkt er inn hvar er að finna rafmagn, númeruð stæði, gönguleiðir og fleira. Setja merkingar hvar er fyrir tjöld og bíla.
- Setja upp öryggismyndavélar.
- Blöndunartæki í sturtum, hafa þannig svo fólk geti stjórnað hitastiginu sjálft.
- Vinsamleg ábending að byrja ekki kl. 8:00 að slá grasið, byrja kl. 9:00 er mun betra. Höfum fengið mikið af kvörtunum um að byrjað er mjög snemma að slá.
- Setja skilti hjá húsabílalosun að bannað sé að þrifa bíla.
- Skoða að hækka verðið, hækka almenna verðið úr 1500-1700, sjá tillögu í fylgiskjöllum.

Tjaldstæðin eru mjög góða og flotta aðstöðu. Það má alltaf bæta við aðstöðuna og gera hana enn þá betri.



5. útgáfa, 5.11.2021

## UMSAGNIR

Hér eru slóðir inn á umsagnir frá Google, tjaldstæðin bæði fá 4,2 í einkunn af 5.

[Hellissandur – Google](#)

[Ólafsvík - Google](#)

### Campsite Ólafsvík

4,2 ★★★★★ (372) · Tjaldstæði  
Ísland



### Hellissandur tjaldsvæði

4,2 ★★★★★ (244) · Tjaldstæði  
Hellissandur



Fylgigögn:

Drög að verðskrá 2022

Takk fyrir okkur

Patrick Roloff og Rebekka Unnarsdóttir

327. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 21. október 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerðir 203. og 204. fundar menningarnefndar, dags. 30. september og 12. október 2021.**  
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar og vísað til endanlegrar afgreiðslu í bærarstjórn.
- 2) **Menningarstefna Vesturlands 2021-2024.**  
Bæjarráð samþykkti framlagða Menningarstefnu Vesturlands 2021-2024.
- 3) **Umsókn Tomasz Borkowski að fá að halda hundinn Aþena.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða, en leyfið er háð því að allir aðilar í fjölbýlinu samþykki það líka.
- 4) **Bréf frá Jennýju Guðmundsdóttur, dags. 10. október 2021, varðandi Hollvínafélag Pakkhússins.**  
Bæjarráð fagnar þessu framtaki og samstarfi.
- 5) **Bréf frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ, dags. 12. október 2021, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna Nesballs eldri borgara þann 5. nóvember n.k.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fella niður húsaleigu í Klifi þann 5. nóvember vegna Nesballs eldri borgara, enda fellur þetta undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu félagsheimilanna.
- 6) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 7. október 2021, varðandi ósk um aukafjárveitingu.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu til leikskólans allt að upphæð kr. 10,6 milljónir. Fjárveitingin verður tekin af lið 28 Óráðstafað.
- 7) **Bréf frá ADHD samtökunum, dags. 1. október 2021, varðandi útibú samtakanna á Vesturlandi, og ósk um styrk.**  
Bæjarráð getur ekki orðið við styrkbeiðninni að þessu sinni.
- 8) **Erindisbréf ungmennaráðs Snæfellsbæjar.**  
Bæjarráð samþykkti erindisbréfið samhljóða.
- 9) **Bréf frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. október 2021, varðandi ákvörðun um endurupptöku kærumáls nr. 59/2016.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 4. október 2021, varðandi nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerðar sveitarstjórnar og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti.**  
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. september 2021, varðandi húsnæðissjálfs eignarstofnun á landsbyggðinni.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar telur hugmyndina ágæta, en að svo stöddu viljum við sjá til með hvort Snæfellsbær verður með eða ekki.

FS  
Au  
B




- 12) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 6. október 2021, varðandi drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. október 2021, varðandi þátttöku og framlög til stafræns samstarfs sveitarfélaga 2022. Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða þátttöku og framlag Snæfellsbæjar til verkefnisins.
- 14) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 11. október 2021, varðandi breytingu á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- 15) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. október 2021, varðandi viðmiðunarlaunatöflu fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum. Lagt fram til kynningar.
- 16) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 14. október 2021, varðandi framlög vegna sameiningar sveitarfélag. Lagt fram til kynningar.
- 17) Minnispunktar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri sagði frá því að byrjað er á framkvæmdum hjá Bárði Snæfellsás á Arnarstapa.
  - b) Bæjarstjóri sagði frá því að verið er að skoða viðhaldsmál á húsnæði Snæfellsbæjar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:57

Júníana Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Friða Sveinsdóttir

  
Lífja Ólafardóttir, bæjarritari



## Menningarnefnd Snæfellsbæjar

203. fundur Fimmtudaginn 30.september 2021 kl. 17:00 – 18:00, Röst

Fundinn sátu: *Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Ragnheiður Víglundsdóttir og Rut Ragnarsdóttir.*

Fundargerð ritaði *Rut Ragnarsdóttir.*

### Dagskrá

#### *Jólaþorp*

Menningarnefnd mun halda jólaþorp í Félagsheimilinu Klifi. Vinna er komin í gang við framkvæmd og verður dagsetning auglýst síðar.

#### *Jólatónleikar*

Viðræður standa yfir við listamenn um árlega jólatónleika nefndarinnar. Dagsetning verður ákveðin síðar.

#### *Barnajól*

Ræddar hugmyndir að útfærslu á jólaskemmtun yngri kynslóðarinnar líkt og nefndin hefur staðið fyrir undanfarin ár. Frekari ákvörðun verður tekin á næsta fundi.

#### *Ljósmyndasýningar*

Ræddar voru hugmyndir hvort mögulegt væri að útbúa ljósmyndasýningu af verkum Helga Jónssar af fólki í Ólafsvík. Eins kom Ragnheiður með beiðni frá sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju hvort hægt væri að fá verk í eigu Snæfellsbæjar til sýnis í safnaðarheimili. Nefndin styður þá hugmynd og benti Ragnheiði á að vera í sambandi við starfsmenn bæjarins.

#### *Styrkir til menningarverkefna*

Menningarnefnd auglýsti örstyrki til menningarverkefna fyrr í sumar, engar umsóknir bárust.

*Næsti fundur 12.október*

## Menningarnefnd Snæfellsbæjar

204. fundur Þriðjudagur 12.október 2021 kl. 12:00 – 13:30, Áttahaastofa

Fundinn sátu: Einar Magnús Gunnlaugsson, Erla Gunnlaugsdóttir, Heimir Berg Vilhjálmsson markaðs- og upplýsingafulltrúi, Jón Kristinn Ásmundsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

### Dagskrá

#### *Dagsetningar fyrir jólaskemmtanir*

Jólaþorp verður haldið miðvikudaginn 1. desember í Klifi. Auglýsing send í bæjarblaðið og óskað eftir skráningu aðila sem vilja taka þátt. Vinna stendur enn yfir með jólatónleika ásamt barnajól.

*Erindi frá Frystiklefanum um styrk uppá kr. 200.000,- til niðurgreiðslu á miðaverði barna í 8 – 10.bekk GSNB á tónleika Reykjavíkurdætra og VÖK sem haldnir eru í tengslum við kvikmyndahátíðina Northern Wave.*

Menningarnefnd tekur jákvætt í erindið og mögulegt samstarf við Frystiklefann. Nefndin getur þó ekki boðið börnum og ungmennum á tónleika þar sem áfengi er selt.

#### *Menningarstefna Vesturlands*

Menningarnefnd tekur jákvætt í Menningarstefnu Vesturlands og getur tekið til sín marga áhugaverða punkta. Nefndin vill í framhaldinu óska eftir við bæjarstjórn að á næsta ári verði útbúin Menningarstefna Snæfellsbæjar sem gefi jafnframt skýra sýn á starfsemi Menningarnefndar.

#### *Rökkurdagar í janúar/febrúar*

Menningarnefnd hyggst í samvinnu við Snæfellsbæ halda Rökkurdaga í janúar/febrúar með ýmiskonar menningartengdum viðburðum. Sent verður inn sér erindi til auka fjárveitingar fyrir næstu fjárhagsáætlun.

*Næst fundur 26.október*

Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæjar þann 11. október 2021.

Haldinn í Áttthagastofunni í Ólafsvík kl 16,00 Fundur no 12 frá upphafi.

Mættir: Erla Laxdal formaður, Jóhanna Gunnarsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Brynja Mjöll Ólafsdóttir ráðgjafi félags- og skólaþjónustu Snæfellinga mætti á fundinn að beiðni ráðsins og svaraði greiðlega öllum spurningum fundarmanna um liðveislu á heimilum hjá þeim sem þess þurfa. Góðar umræður urðu um þennan málaflokk og var Brynju lokum þakkað fyrir komuna á fundinn.

Í framhaldi af komu Brynju var tekin fyrir nokkur áhersluatriði sem samþykkt voru á fundi lands sambands eldri borgara sem kynnt voru fyrir síðustu alþingiskosningar. Þetta eru mál sem varða bæði ríkið og sveitarfélögin.

**Mál no 1: Vinna eftirlaunafólks:** Fundarmenn ræddu um hve mikilvægt væri að fólk sem komin er á aldur fái að vinna hjá ríki og bæ eins og það óskar án skerðingar almenna tryggingakerfinu. Einnig að lágmarkslífeyrir verði ekki lægri en lágmarkslaun á almennum markaði. Þá ennfremur að ellilífeyrir og frítækjumörk verði samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands og hækki sem vísitölunni nemur. Við bendum á í þessu sambandi að starfslok miðist við færni til starfa en ekki aldur. Þetta er mjög þýðingarmikið en einstaklingsbundið.

**Mál no 2: Heilsugæslan:** Þýðingarmikið er að eftirlaunafólk geti lifað mannsæmandi lífi í sínum húsum með reisu. Til þess þurfa sveitarfélög og ríki að stóráuka samvinnu sín á milli í þessum málaflokki með það að markmiði að heilsugæslan verði vaggja öldrunarþjónustunnar. Heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrr á lífsleiðinni þá með samvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og þá er félagsþjónusta sveitarfélaganna þýðingarmikil. Þá má nefna að nauðsynlegt er að þáttur aðstandenda verði metinn til launa með umönnunarálagi.

**Mál 3: Búseta heima:** Eins og flestum er ljóst þá hentar búseta á eigin heimili ekki öllum þó þeir þurfi ekki dvöl á hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru hins vegar alltof fábreytt og það vantar millistig á milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Mjög brýnt er að byggja upp þannig búsetuform til hagsbóta fyrir eldra fólk og þá ekki síður fyrir velferðarkerfið.

**Mál no 4:** Í þessu sambandi fagnar Öldungaráð fyrirætlunum um smíði á raðhúss/a í Snæfellsbæ sem var undir minnispuntum bæjarstjóra á bæjarstjórnarfundum samkvæmt fundargerð þann 11. maí sl. Öldungaráð hefur áður fjallað um á sínum fundum nauðsyn á byggingu parhúsa/raðhúsa í Snæfellsbæ sem gætu hentað fyrir eldri borgara.



**Mál no 5: Fasteignagjöld 2022:** Fundarmenn ræddu um hækkun fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði í Snæfellsbæ. Eins og fram kemur í meðfylgjandi grafi frá skrifstofu Snæfellsbæjar þá hafa fasteignagjöld í Snæfellsbæ hækkað mikið á þessu kjörtímabili. Samkvæmt FMR þá hækka fasteignagjöld um 7% í Ólafsvík á milli ára 2021-2022 og um 4 % utan Ennis. Þess má geta að samkv Hagstofu Íslands hefur launavísitala hækkað um 19,7% frá því í ágúst 2018 til ágúst 2021. Bætur sem fólk fær frá lífeyrissjóði og Tryggingarstofnun vega ekki hátt í heimilisbókhaldinu. Því brýnir Öldungaráðið bæjarstjórn Snæfellsbæjar til að skoða afsláttarkjör til elli-og örorkulífeyrirþega enn betur en gert hefur verið.

<b>Fasteignamat í Snæfellsbæ</b>	
	<b>Hækkun</b>
2015	2,50%
2017	3,10%
2018	9,70%
2019	9,70%
2020	2,70%
2021	3,60%
2022	4,90%
<b>Heildarhækkun:</b>	<b>36,20%</b>

**Mál no 6:** Önnur mál. Fundarmenn voru áhugasamir um að fá fund með bæjarstjórn Snæfellsbæjar til upplýsingar um nokkur mál varðandi málaflokk eldri borgara í bæjarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17,30.

Virðingarfyllst

Pétur Steinar Jóhannsson.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 153153. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 9. nóvember 2021  
og hófst hann kl. 09:30.

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

- Gíslabær\_ASK - Breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnum - 2006008**  
Lögð er fram tillaga að breytingu aðalskipulags sem hefur verið breytt út frá athugasemdum Skipulagsstofnunar. Einnig hefur verið tekið tillit til framkominna umsagna vegna forkynningar deiliskipulags á landi Gíslabæjar.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu.*  
*Frestað*
- Gíslabær\_DSK\_Deiliskipulagstillaga - 2104001**  
Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi. Eftir forkynningu hefur tillögu verið breytt vegna fram kominna umsagna. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagstillögu er bætt við upplýsingum um jarðfræðikönnun á svæði neðan vegar og texta og kröfum um vistkerfi gróðurs og fuglalífs.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu. Skipulagsfulltrúa og starfsmanni tæknideildar falið að koma athugasemdum til skipulagshöfundar.*  
*Frestað*
- Bárðarás 4 - Umsókn um leyfi fyrir viðbyggingu við inngang, setja hurð úr stofu og heilklæða hús með smábáru - 2111001**  
Jensína Guðmundsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir 4,6 fm viðbyggingu við aðalinngang hússins á austurhlíð til þess að laga aðgengi fyrir fatlaða. Einnig sækir hún um að setja hurð á vesturhlíð til þess að auðvelda aðgengi úr stofu. Þá sækir hún einnig um leyfi til þess að alklæða húsið með dökk grárrí smábáru.  
*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin telur breytingarnar óverulegar og ekki sé þörf á grenndarkynningu.*  
*Samþykkt*
- Brautarholt 10 - Breytingar á gluggum og innra skipulagi - 2111003**  
Jóhanna Jóhannesdóttir sækir um leyfi til þess að skipta um 7 glugga á húsi sínu að

Mk  
AA  
S  
M. S.  
AA



## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Brautarholti 10, Ólafsvík og stækka einn af þeim samkvæmt teikningu. Einnig sækir hún um að færa eldhús inn í stofu.

*Kristjana vikur af fundi.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að endanlegum uppdráttum verði skilað inn.*

*Kristjana kemur inn á fund.*

*Samþykkt*

### 6. Hafnargata 16 - Nýr inngangur og breytingar innanhúss - 2111004

Kári Viðarsson sækir um leyfi til þess að setja nýjan inngang að sunnanverðu og gera breytingar innanhúss í Frystiklefanum að Hafnargötu 16.

Nýr inngangur verður í samkomusal og nýtt og stærra bislag gert framan við aðalinnganginn. Breyting innandyra felur í sér að leikrými í norðurhluta hússins er breytt í gistirými og snyrtingar eða í heildina 4 herbergi, þar af tvö með baðherbergjum og tvö stök baðherbergi.

*Drífa vikur af fundi.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um yfirferð slökkviliðsstjóra á teikningum gagnvart brunavörnum.*

*Drífa kemur inn á fund.*

*Samþykkt*

### 7. Ólafsbraut 19 - Pastel Hárstofa sækir um nýtt skilti framan á húsið - 2111005

Gísli Bjarnason sækir fyrir hönd Geirakots ehf. um leyfi fyrir skilti sem staðsetja á fyrir ofan gluggaeiningu Pastel Hárstofu að Ólafsbraut 19. Skiltið er 80x580 cm að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið*

*Samþykkt*

### 8. Ólafsbraut 24 - Breyttur inngangur, breyting innandyra og steipt fyrir glugga - 2111006

Ólafur Adolfsson sækir um fyrir hönd Apóteks Vesturlands að Ólafsbraut 24, Ólafsvík um leyfi fyrir því að færa aðainngang, fjarlægja sturtu og steypa upp í glugga á bakhlið hússins sbr. meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 9. Ólafsbraut 19 - Verkalýðsfélag Snæfellinga sækir um nýtt skilti framan á húsið - 2111007

Vignir Smári Mariasson sækir fyrir hönd Verkalýðsfélags Snæfellinga um leyfi fyrir skilti sem staðsetja á fyrir ofan gluggaeiningu Verkalýðsfélags Snæfellinga að Ólafsbraut 19. Skiltið er 80x577 cm að stærð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

Mik  
M.S.  
TR.



## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Samþykkt*

**10. Túnbrekka 19 - Umsókn um gluggaskipti á sunnanverðu húsinu - 2111008**

Marinó Mortensen sækir um leyfi fyrir breytingum á gluggum sem snúa í suður- og vestrútt á húsi hans að Túnbrekku 19, Ólafsvík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**3. ASK - Brekkubær á Hellnum\_ Fyrirspurn um flutning atvinnulóðar - 2111002**

Tor Ødegaard og Pál Krantz eigendur Hellnalands senda inn fyrirspurn þar sem óskað er eftir afstöðu umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjaryfirvalda til hugmyndað þeirra um að flytja atvinnulóð sem er í gildandi aðalskipulagi frá L192643 yfir á L192642 þannig að verslun og þjónusta verður að íbúðarbyggð og íbúðarbyggð verður að verslun og þjónustu og opnu svæði. Sjá meðfylgjandi gögn.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og óskar eftir frekari upplýsingum.*

*Frestað*

**11. Við Skálasnagavita - Lionsklúbbur Ólafsvíkur sækir um leyfi fyrir minnisskyldi við Skálasnagavita - 2111009**

Snævar Örn Arnarsson sækir fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur um leyfi til að setja upp skjöld um 20 metrum frá Skálasnagavita til minningar um þá sem fórust við strand Svanborgar SH 404 árið 2001. Hugmyndin er að gera plötu úr ryðfriú stáli með texta og hugsanlegri mynd/grafík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.*

*Jákvætt*

**12. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004**

- Umgengni og ástand húsa rætt

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.**

*Ástþóra Hermannsd.*

*Halldór H. Hilmarsson*

*Magnús Þorsteinsson*

*A. A. A. A.*

1. fundur í sameiningarviðræðum Eyja og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 27. september kl. 9.00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir,

Eggert Kjartansson og Atli Svansson.

1. Tillaga frá Eggerti og Kristni að ráða Róbert Ragnarsson til þess að stýra þessari vinnu, samþykkt. Ráðgjafi mun stýra vinnunni við sameiningarviðræðurnar, Róbert Ragnarsson telur að vinnan muni kosta ca. 15 milljónir með öllu því sem fylgir, hann muni teikna upp ferlið og kynna fyrir okkur skref fyrir skref. Kristinn verður í sambandi við Róbert um að hefja vinnuna sem fyrst.
  2. Skrifa Jöfnunarsjóði bréf og óska eftir styrk við sameiningarvinnuna.
  3. Markmið að geta kosið um sameiningu mánaðamótin jan/feb 2022.
  4. Mikilvægt að muna að íbúar horfi hvað gerist á næstu árum frekar en næstu 20 ár
  5. Tillaga um að hafa vikulega fundi og þá með Róberti, á mánudagsmorgnum kl 9.00.
  6. Hvatt til þess að koma með alla punkta sem okkur dettur í hug inn á fundina til þess að umræðan sé sem opnust. Hvaða þjónustu er fólk að fá í nýju sameinuðu sveitarfélagi, helsta spurning sem brennur á fólki.
  7. Umræða um fasteignagjöldin.
  8. Skólamálin, hvernig verða þau teiknuð upp, grunnforsaenda að sé skóli á sunnanverðu Snæfellsnesi og þá einn skóli þar sem stóðirnar sem fyrir eru hafa báðar veikt undanfarin ár. Einn skóli mun verða helsta sameiningatákn sveitanna. Öll þjónustna og fallett starf verður mun sterkara með einn skóla á sunnanverðunni frekar en 2 enn smærri skólum. KJ rifjaði upp hvað sameining skólanna á norðanverðunni hafði gríðarlega góð áhrif inn í samfélagið, styrkti og þétti samfélagið til muna. Núna er leikskólasel á Lýsuhóli 4 daga vikunnar en stendur til að endurskoða nú um áramótin að fjölga dögum í 5 daga.. Gert til þess að styrkja samfélagið að sunnanverðunni með þessari aðgerð, krafa nútíma samfélags, þar sem nokkur fjöldi býr í dreifbýlinu en vinnu ekki við landbúnaðarstörf.
  9. Rætt um hvernig skólaakstri sé háttað í dag á vegum sveitarfélaganna.
  10. Nefndarmenn sammála um að passa að lofa ekki upp í ermina á okkur varðandi sameininguna, lofa ekki neinu fyrirfram sem hugsanlega ekki verður hægt að standa við og veður svo bitbein komandi ára.
  11. Nýtt sameinað sveitarfélag verður að hafa skýra framtíðarsýn.
  12. Kristinn hefur samband við Róbert og kannar hvenær hann getur komið inn í þessa vinnu.
  13. Næsti fundur ákveðinn nk. mánudag 4. október kl 9.
- Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:45.

---

**Fundargerð 196. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

**Fundarstaður;** Fundarstaður: Ráðhús Stykkishólmsbæjar  
**Opinber útgáfa!**

**Dagsetning;** Þriðjudagur 4. október, 2021 kl. 16.30

**Mættir:** Ragnheiður Dröfn Benediksdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Sigrún Þórðardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
  
2. **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
*(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*
  
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
*(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)*
  
4. **Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla**  
*kynning – umræða – afgreiðsla*
  - a) Haustfundur FSS með skólastjórnendum grunn- og leikskóla fer fram í Ráðhúsi Snæfellsbæjar á morgun, þriðjudaginn 5. október
  - b) Starfsefningardagar grunn- og leikskólanna fara fram n.k. föstudag, 8. október; leikskólarnir í Fjölbrautaskóla Snæfellinga með efnið „ Leikir í skólastarfi“, grunnskólarnir í Klifi með efnið „Nám við hæfi“
  
5. **Önnur mál** *kynning – umræða*
  - a) Næsti fundur nefndararinnar, nr. 197, verður haldinn í Ráðhúsi Grundarfjarðarbæjar þriðjudaginn 9. nóvember kl. 16.30.





## FÉLAGS- OG SKÓLAFJÓNUSTA SNÆFELLINGA

---

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 19.30

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



### 122. fundur stjórnar FSS

**Fundarstaður:** Fjarfundur um Teams  
**Dagsetning:** 27.09. 2021  
**Fundartími:** Kl. 14.00  
**Mættir:** Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir um Teams, Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar og umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSSog Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

### Dagskrá:

### Meðferð máls

1. Kristinn, formaður stjórnar, setur fund og stýrir
2. **Ársreikningur FSS fyrir rekstursárið 2020**

Forstöðumaður lagði fram drög Deloitte endurskoðendafyrirtækisins að ársreikningi Félags- og skólajónustu Snæfellinga fyrir rekstursársins 2020.

Samþykkt að fela endurskoðendum að uppfæra gjaldalið kostnaðar vegna reksturs málaflokks fatlaðs fólks á reikningsárinu 2020.

Stjórn FSS fjallaði um ársreikninginn og samþykkir hann samhljóða með fyrirvara um uppfærslu tilgreinds útgjaldaliðar málefna fatlaðs fólks.

Forstöðumanni falin yfirferð leiðréttingar endurskoðenda, ánrítun stjórnar og dreifing til aðildarsveitarfélaganna.,
3. **Skýrsla stjórnar rekstursárið 2020**

Forstöðumaður lagði fram drög að skýrslu stjórnar að flytja á aðalfundi byggðasamlagsins sem haldinn verður síðar í dag.

Samþykkt samhljóða.
4. **Önnur mál**
  - a) Forstöðumaður greindi frá byggingu og undirbúningi reksturs og starfsemi þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks sem er nú á lokastigi framkvæmdar.
  - b) Samþykkt að fela forstöðumanni gerð minnisblaðs um byggingarframkvæmdir, fjármögnunar og áætlunar um opnun hússins.
  - c) Undirritun vegna endurnýjunar umboðs forstöðumanns vegna bankaviðskipta.



## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson





## FÉLAGS- OG SKÓLAPJÓNUSTA SNÆFELLINGA

### 123. fundur stjórnar FSS

**Fundarstaður:** Fjarfundur um Teams  
**Dagsetning:** 27.10. 2021  
**Fundartími:** Kl. 10.30  
**Mættir:** Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson, Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS og Arnar Haraldsson frá HLH rekstursráðgjöf undir tölulíð nr. 2

---

### Dagskrá: Meðferð máls

1. Aldursforseti nýkjörinnar stjórnar, Kristinn Jónasson, setur fund og stýrir
  
2. **Tillaga að rekstursáætlun launa í þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks**  
Arnar Haraldsson, hjá HLH rekstursráðgjöf, gerir grein fyrir niðurstöðu sinni og Jóns Hauks Hilmarssonar, forstöðumanns  
Þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks hjá FSS, um fjölda stöðugilda þjónustunnar og kostnaði v. starfsmannahalds.  
Samþykkt samhljóða að skoða fleiri valkosti hvað varðar stöðugildafjölda og aukna samþættingu áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Jafnframt samþykkt samhljóða að fela Arnari, Sveini Þór og Jón Hauki áframhaldandi áætlunargerð með áherslu á mögulega samvirkni starfsmannahalds Smiðjunnar og þjónustuíbúðakjarnans á dagvinnutíma virkra daga vikunnar.
  
3. **Kosning formanns og varaformanns stjórnar rekstursárið 2021 – 2022**  
Tillaga um Kristinn Jónasson sem formann og Björgu sem varaformann samþykkt samhljóða.
  
4. **Staða byggingarkostnaðar og fjármögnunar**
  - a) Forstöðumaður lagði fram tölur er lýsa stöðu byggingarkostnaðar og fjármögnunar verksins þann 26. október 2021.  
Seinni hluti stofnframlags Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er væntanlegt um leið og gögn frá byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar um öryggisúttekt sem og úttektargögn Verkís, f.h. verkkaupa sem staðfestu úrbætur í kjölfar fyrri úttektar verksins,- hafa borist stofnuninni formlega.  
Samþykkt samhljóða að forstöðumaður boði til fundar stjórnar vegna ákvörðunar um upphæð lántöku FSS hjá LS, þegar heildarkostnaður framkvæmdarinnar liggur fyrir.

b) Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Stjórn Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs., samþykkir samhljóða hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fárhæð 60 milljón krónur, til 13. ára. Er lánið tekið til að fjármagna byggingu þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs.

Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150 / 2006.

Jafnframt er Sveini Þór Elinbergssyni, kt. 280956 – 5039, forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, - veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess, f.h. Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs., að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. - Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld, óskipt ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga; - Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps, sbr. heimild í 2. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138 / 2011 og setja tilgreind sveitarfélög til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga skv. sjálfstæðri ákvörðun hvers sveitarfélags fyrir sig.“

Kristinn Jónasson (sign.)      Björg Ágústsdóttir (sign.)      Jakob Björgvin Jakobsson (sign.)

c) Með vísan til ofangreindrar bókunar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga er forstöðumanni falið að senda sveitarstjórnnum byggðasamlagsins um rekstur FSS, erindi þar sem óskað er afgreiðslu þeirra á bókun er staðfesti samþykki viðkomandi sveitarstjórnar á tilgreindri lántöku og ábyrgðarskilmálum ásamt nafni og rithandarsýnishorni umboðshafa viðkomandi sveitarfélags. Aðildarsveitarfélögin hvert fyrir sig sendi afgreiðslu þessa til Lánasjóðs sveitarfélaga.

##### 5. Vígsla íbúðakjarnans; opið hús, upphaf reksturs.

Forstöðumaður gerði grein fyrir stöðu verkloka, öryggisúttekt og fyrri og síðari úttekt verkkaupa. Samþykkt samhljóða að fela forstöðumanni gerð tillögu til stjórnar um vígsludag byggingarinnar og fyrirkomulag.

Samþykkt samhljóða að stefna að því að hefja rekstur búsetuþjónustunnar í húsinu sem fyrst á nýju ári.

### 6. Önnur mál

- a) Forstöðumanni falið að leita samráðs við skólastjórnendur grunn- og leikskóla um dagsetningu fundar með stjórn FSS, forstöðumanni og starfsfólki Félags- og skólajónustu Snæfellinga eftir áramótin næstu.
- b) Auglýsing og ráðstöfun 5. íbúðarinnar í þjónustuíbúðakjarnans: Afgreiðslu máls frestað fram yfir n.k. áramót.
- c) Gjafa- og styrktarsjóður þjónustuíbúðakjarnans. Stjórn FSS lýsir ánægju sinni og stuðningi við stofnun slíks sjóðs og starfrækslu hans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.10

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson





**Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Félags og skólaþjónustu Snæfellinga frá Lánasjóði sveitarfélaga:**

Sveitarstjórn sveitarfélagsins samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félags og skólaþjónustu Snæfellinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 60.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna byggingu þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks á Snæfellsnesi, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er [nafn umboðshafa og kennitala], veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. [sveitarfélagsins] að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

---

[Nafn umboðshafa]



## Byggðasamlag um rekstur Félags- og skólabjónustu Snæfellinga

### Aðalfundur

Byggðasamlags um rekstur Félags- og skólabjónustu Snæfellinga fyrir rekstursárið 2020  
haldinn í fundarsal Ráðhúss Snæfellsbæjar mánudaginn 27. september, 2021, kl. 15.00

Mættir:

Helgafellssveit: Guðrún Karólína Reynisdóttir, oddviti Helgafellssveitar, um Teams

Grundarfjarðarbæ: Björg Ágústsdóttir, bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Snæfellsbæ: Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar

Stykkishólmsbæ: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bærarstjórnar Stykkishólmsbæjar, um Teams

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps boðaði forföll

FSS: Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

- 1. Kosning fundarstjóra- og ritara** *afgreiðsla*  
Fundarstjóri var kosinn Kristinn Jónasson, ritari Sveinn Þór Elinbergsson.
- 2. Skýrsla stjórnar 2020 - 2021** *kynning - umræða*  
Forstöðumaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020 - 2021.  
Stjórnin hélt 6 formlega fundi á starfsárinu. Meginviðfangsefni stjórnar voru áframhaldandi umfjöllun og ákvarðanatataka um hönnun, útboð, fjármögnun og byggingu þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 62-64 í Ólafsvík, ennfremur starfsmanna,- reksturs- og þjónustumálefni, umfjöllun og afgreiðsla ársreiknings 2019 og fjárhagsáætlunar næsta árs, 2021.
- 3. Afgreiðsla reikninga: Ársreikningur FSS 2020** *kynning afgreiðsla*  
Ársreikningur rekstursársins 2020 lagður fram, yfirfarinn og samþykktur af stjórn með fyrirvara um uppfærslu endurskoðenda á gjaldalið málefna fatlaðs fólks..  
Ársreikningur kynntur, ræddur og loks uppborinn með áorðnum breytingum stjórnar og samþykktur samhljóða.
- 4. Kosning stjórnar starfsárið 2020 - 2021** *afgreiðsla*  
Tilnefningar til stjórnarkjörs voru eftirfarandi:  
Frá Grundarfjarðarbæ: aðalmaður, Björg Ágústsdóttir, varamaður Jósef Kjartansson  
Frá Snæfellsbæ: aðalmaður, Kristinn Jónasson, varamaður Björn Hilmarsson  
Frá Stykkishólmsbæ: aðalmaður Jakob Björgvin Jakobsson, varamaður Hrafnhildur Hallvarðsdóttir  
  
Aðrar tilnefningar komu ekki fram og tilnefningar þessar samþykktar samhljóða.
- 5. Önnur mál** *kynning – umræða – afgreiðsla*
  - a) Forstöðumaður greindi frá fyrirhuguðum verklokum byggingar þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks; lýsti fjármögnunarþáttum, ennfremur frá lokaundibúningi áætlanagerðar reksturs og starfrækslu.  
Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar verður lögð fram tillaga að rekstursáætlun starfseminnar. Formleg opnun og sýning hússins verður auglýst síðar.

- b) Forstöðumaður gerði grein fyrir skipan skólaþjónustu FSS á nýhöfnu skólaári. 8. október n.k. er starfsefningardagur skólastiganna; „Leikur í skólastarfi“ er efni leikskólanna, sem fer fram í Fjölbrautaskóla Snæfellinga og „Nám við hæfi“ er efni grunnskólanna sem fram fer í Klifi í Ólafsvík.
- c) Hrafnhildur færði stjórn og forstöðumanni bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Guðrún Reynisdóttir, tekur undir það,

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.45

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson



## Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.

Aðalfundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn sem fjarfundur fimmtudaginn 26. ágúst 2021, kl. 11:00.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur 2019 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Tekin ákvörðun um hagnað eða tap félagsins.
6. Tekin ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
8. Breytingar á samþykktum félagsins.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Sigurlaug R. Sævarsdóttir fundarritari.

### Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykkt félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn allra hluthafa félagsins sem fara samtals 100% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru mættir á fundinn; Jakob B. Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, og Björg Ágústsdóttir. Einnig voru mættar Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Guðrún Reynisdóttir.

Gengið er til dagskrár.

### 1. Rekstur og hagur félagsins á liðnu starfsári

Jakob Björgvin Jakobsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu ári.

Það er sérstaklega ánægjulegt að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins á árinu, sem er í annað sinn frá stofnun félagsins.

### 2. Ársreikningur 2020 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2020 lagður fram til staðfestingar.

Fundarstjóri lagði ársreikning 2020 undir atkvæði hluthafa.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Kosning stjórnar

Tillaga lögð fram um að stjórn félagsins skipi eftirfarandi aðilar:

- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Kristinn Jónasson
- Björg Ágústsdóttir

Varastjórn:

- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Björn Hilmarsson
- Jósef Ó. Kjartansson.

Samþykkt samhljóða.

4. **Kosning endurskoðanda**

Lagt til að Deloitte ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Samþykkt samhljóða.

5. **Ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða taps félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

6. **Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu**

Lagt er til að áfram verði engin þóknun greidd til stjórnarmanna vegna starfa sinna. Endurskoðendur fá greitt skv. reikningi.

Samþykkt samhljóða.

7. **Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**

Umræður um frágang á lóð Fjölbautaskóla Snæfellinga. Vísað í eldri samþykktir stjórnar um að ljúka frágangi lóðarinnar í viðráðanlegum áföngum.


8. **Breyting á samþykktum félagsins**


Umræður um breytingu á samþykktum félagsins og þeirri vinnu vísað til frekari vinnslu hjá stjórn félagsins.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:49.

  
Jakob Björgvin Jakobsson  
Fundarstjóri

  
Sigurlaug R. Sævarsdóttir  
Fundarritari



## Fundargerð hluthafafundar Jeratúns ehf.

Hluthafafundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn sem fjarfundur mánudaginn 6. september 2021, kl. 09:45.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Breytingar á samþykktum félagsins.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Sigurlaug R. Sævarsdóttir fundarritari.

### Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykkt félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn allra hluthafa félagsins sem fara samtals 100% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru mættir á fundinn; Jakob B. Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, og Björg Ágústsdóttir. Einnig voru mættar Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Reynisdóttir, Pétur Steinn Guðmundsson og Pétur Hansson, báðir frá Deloitte.

Gengið er til dagskrár.

### 1. Breyting á samþykktum félagsins

Lögð fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.

3. gr. var þannig:

Tilgangur félagsins er bygging skólahúss, útleiga skólahúss, lánastarfsemi, svo og annar skyldur rekstur.

3. gr. verður þannig:

Tilgangur félagsins er uppbygging á skólahúsnæði og menningarstarfsemi til almannaheilla á vegum sveitarfélaga á Snæfellsnesi, svo sem bygging skólahúsnæðis, útleiga skólahúss, lánastarfsemi, svo og annar skyldur rekstur, sem tengist tilgangi og markmiðum félagsins. Markmið félagsins er að tryggja og styðja við menntun almennings og menningarmál, á svæðinu, með því að auka framboð á húsnæði til kennslu á landsbyggðinni. Allt sem Jeratún ehf. vinnur að, skal gert á grundvelli tilgangs félagsins og markmiða og skal verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla.

Við bætast nýjar 4. og 5. gr. og aðrar greinar færast aftur sem því nemur.

4. gr.

Félagsmenn geta verið einstaklingur, félag, sjóðir og sjálfseignarstofnanir. Um þátttökuskilyrði gildir 5. gr. laga nr. 119/2019.

5. gr.

Félagsmönnum ber skylda til að greiða félagsgjöld og önnur gjöld til félagsins, verði það ákveðið.

Viðbót við 10. gr., seinni mgr. (áður 8. gr.)

Óheimilt er að selja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis stjórnar félagsins. Sérhver yfirfærsla eignarhluta í félaginu til einkaaðila er óheimil, og skulu gerningar um það ekki hafa gildi gagnvart hlutaskrá félagsins.

Eigendaskipti að hlutum samkvæmt 11.gr. skal ekki hafa áhrif á tilgang félagsins og meðhöndlun hagnaðar.

Viðbót við 14. gr., d. liður (áður 12. gr.)

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum án tillits til þess hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kys fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- c. að breyta ákvæðum samþykpta um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.
- d. Að breyta tilgangi félagsins ef það leiðir til þess að félagið verði ekki almannahagsmunafélags samkvæmt skilyrðum laga nr. 119/2019.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

Viðbót við 23. gr. (áður 21. gr.)

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanevndar. Við slit félagsins skal hreinni eign þess ráðstafað í samræmi við tilgang og markmið félagsins sbr. 3. gr. samþykpta. Það sama á við sé félagið lagt niður.

Breytingar á samþykktum félagsins samþykktar samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Jakob Björgvin Jakobsson

Jakob Björgvin Jakobsson  
Fundarstjóri

Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Sigurlaug R. Sævarsdóttir  
Fundarritari





# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## 169. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn miðvikudaginn

6. október 2021 kl. 16.00

### Mættir voru:

#### Nefndarmenn:

Karitas Jónsdóttir (KJ)  
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)  
Steinunn I. Magnúsdóttir (SIM)  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)  
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)  
Trausti Gylfason (TG)  
Auður Kjartansdóttir (AK)

**Starfsmenn HeV:** Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi.

### Dagskrá

#### 1. Fjárhagsáætlun 2022 lögð fram.

*Eftir nokkrar umræður um fjárhagsáætlun 2022 var afgreiðslu frestað til næsta fundar sem halda á mánudaginn 11. október n.k.*

#### 2. Gjaldskrá 2022 lögð fram ásamt útreikningi á tímagjaldi.

*Afgreiðslu frestað til næsta fundar samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Sjá lið 1.*

#### 3. Umsagnir

##### Umsagnir til sýslumanns:

##### 3.1 Rekstrarleyfi gististaða

a. Jóhannes Ragnarsson, Hraunhálsi, Helgafellssveit. Gististaður, frístundahús í II. flokki. Gestafjöldi er 6.

b. 65°Ubuntu ehf. Grundarfjörður Guesthouse & Harbour cafe. Gististaður í flokki IV að Nesvegi 5, Grundarfirði. Nýr rekstraraðili. Gestafjöldi 18.

c. NH-2 ehf. Akranes Guesthouse, Stillholt 23, Akranesi. Gistiheimili í flokki II. Fjöldi gesta 30.

*Lagt fram*

##### 3.2 Rekstrarleyfi veitingastaða.

a. 65°Ubuntu ehf. Grundarfjörður Guesthouse & Harbour cafe.

Veitingastaður/kaffihús með gististað í flokki IV að Nesvegi 5, Grundarfirði. Nýr rekstraraðili. Gestafjöldi veitingastaðar 5.

### 3.3 Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagstofnunar um skipulagsmál:

Akranes.

- a. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytinga- Jörundarholt.
- b. Aðalskipulag Akranes, skipulagslýsing vegna Leynisgolfvallar.

Borgarbyggð

- c. Deiliskipulagstillaga fyrir Kotstekksás, Munaðarnesi.

*Lagt fram.*

### 4. Leyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

Starfsleyfi á sviði mengunar- matvæla og hollustuhátta.

- 4.1 Geirabakarí ehf, Digranesgötu 6, Borgarnesi. Bakarí. Endurnýjun. Gildistími er 12 ár.
- 4.2 Chef slf. Veiðhús við Norðurá. Gististaður og sala á tilbúnum mat. Endurnýjun. Gestafjöldi 28. Gildistími 12 ár.
- 4.3 65°Ubuntu ehf. Grundarfjörður Guesthouse & Harbour cafe. Gististaður og kaffihús í flokki IV að Nesvegi 5, Grundarfirði. Gestafjöldi 18 í gistingu, 50 á kaffihúsi. Nýr rekstraraðili. Gildistími 12 ár.
- 4.4 Snæís hf. Grundargata 30, Grundarfirði. Framleiðsla á ís fyrir fiskvinnslur. Endurnýjun. Gildistími ótímabundin.
- 4.5 Hótel Arnarstapi ehf., Arnarstapa, Snæfellsbæ. Nýr rekstraraðili. Gististaður og matsölustaður. 36 gistiherbergi og 13 smáhýsi. Gildistími 12 ár.
- 4.6 Linda H. Sigvaldadóttir, Skagabraut 4, Akranesi. Akraguesthouse. Gististaður. Gestafjöldi 10 gestir. Endurnýjun. Gildistími í 12 ár.
- 4.7 Dalabyggð. Dalabúð Búðardal- samkomustaður með eldhúsi/mötuneyti. Endurnýjun. Gildistími 12 ár.
- 4.8 Dalabyggð. Félagsheimilið Tjarnarlundur Saurbæ - Samkomustaður með eldhúsi. Endurnýjun. Gildistími 12 ár.
- 4.9 Dalabyggð. Félagsheimilið Árblik Miðdölum – Samkomustaður með eldhúsi. Endurnýjun.- Gildistími 12 ár.
- 4.10 Oddsstaðir ehf. Oddstöðum Lundareykjadal, Borgarbyggð. Gististaður og hestaleiga. Nýtt leyfi. Gildistími 12 ár.
- 4.11 NH-2 ehf. Akranes Guesthouse, Stíllholt 23, Akranesi. Gistiheimili í flokki II. Fjöldi gesta 30. Nýr staður, nýtt leyfi. Gildistími 12 ár.
- 4.12 Borgarbyggð. Hjálmaklettur í Borgarnesi. Samkomustaður með eldhúsi. Endurnýjun. Gildistími í 12 ár.
- 4.13 Borgarbyggð. Leikskólinn Klettaborg, Borgarnesi. Leikskóli með mötuneyti og leiksvæði. Endurnýjun leyfis. Gildistími 12 ár.
- 4.14 Borgarbyggð. Íþróttamiðstöðin Kleppjárnsreykjum. Sundlaug, íþróttahús og líkamsrækt. Endurnýjun leyfis. Gildistími 12 ár.
- 4.15 Skeljungurhf. Eldneytisdæla fyrir báta Rifshöfn, Snæfellsbæ. Leyfi auglýst á vefsvæði HeV frá 30. ágúst til 27. september s.l. Engar athugasemdir bárust. Gildistími í 12 ár.

### **Tímabundin leyfi.**

- 4.16** LBE ehf., Niðurrif gamals einbýlishúss á Gvendarási 1, Borgarbyggð. Leyfi gildir frá 1. október 2021 til 1. nóvember 2021.
- 4.17** Þróttur ehf. Flutningur á menguðum jarðvegi/óvirku spilliefni í Álfsnes gildistími 30. september til 15. október 2021.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind starfsleyfi liði 4.1-4.17.*

### **5. Undanþágur sem heilbrigðiseftirlitið hefur afgreitt.**

Undanþága vegna aldurs ungmenna til sölu tóbaks.

*Skeljungur hf. Kvikk on the go, Skagabraut 43, Akranesi er veitt undanþága fyrir sölu á tóbaki fyrir tvö ungmenni frá 17. september 2021 til 17. mars 2022.*

*Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreindar undanþágur.*

### **6. Önnur mál**

- 6.1 Framkvæmdastjóri tilkynnti að Berglind Björk Bergþórsdóttir kemur inn sem afleysingarmaður 1. október í 4 vikur. Berglind hefur áður starfað hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
- 6.2 Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurður nr. 92, og 96/2021 vegna starfsleyfis skotsvæðis í Álfsnesi útgefið af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Starfsleyfið er felld úr gildi þar sem landnotkun samræmist ekki skipulagi. Málið var kynnt.
- 6.3 Númerslaus tæki. Samræmdar verklagsreglur heilbrigðiseftirlitsvæðanna (HES) eftir vinnu umhverfisgæðahóps HES í september 2021, lagðar fram. Verklagsreglurnar voru kynntar.

**Fundi slitið kl: 18:18**



september 2021

LOGO UST

LOGO heilbrigðiseftirlits

## Númerslaus ökutæki

### Verklagsreglur um númerslausar bifreiðar, bíflök, kerrur, vinnuvélar og lausamuni

Heilbrigðisnefndir hafa heimild til að fjarlægja númerslaus ökutæki, bíflök, kerrur (þ.m.t. eftirvagna), vinnuvélar og lausamuni sbr. ákvæði í gr. 21 í rlg. nr. 941/2002 um hollustuhætti og 4. mgr. 17. gr. í rlg. nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisfulltrúar skulu bregðast við ábendingum um númerslaus ökutæki sem berast frá starfsmönnum sveitarfélaganna, íbúum, gestum þeirra, vegfarendum eða á eftirlitsferðum sínum um umdæmið. Hver ábending er skráð niður og skoðuð við fyrsta hentugleika og gripið er til aðgerða ef tilefni til.

#### Vinna á vettvangi

Heilbrigðisfulltrúi gengur úr skugga um að ökutækið sé númerslaust, staðsett á landi sveitarfélags eða almannaþæri þ.e. utan einkalóða og að ástand þess, útlit og lagning sé samkvæmt þessum verkferli HES um númerslaus ökutæki, bíflök, kerrur og vinnuvélar. Þessar reglur gilda líka um bíflök, kerrur, vinnuvélar og lausmuni.

1. Á vettvangi skal skrá eftirfarandi upplýsingar á sérstak eyðublað eða það form sem viðkomandi heilbrigðiseftirlit notar (t.d. í tölvu). Dagsetning eftirlits, tími, staðsetning tækis eða lausamunar, tegund og litur. Aðrar athugasemdir skulu einnig skráðar telji heilbrigðisfulltrúi ástæðu til þess.
2. Tilkynningarmiði (álímingamiði) er útfylltur með dagsetningu álímingar og dagsetningu á fresti til að fjarlægja tækið eða lausamuninn. Frestur til að bregðast við álímingu skal að jafnaði vera tvær vikur frá dagsetningu álímingar en getur verið lengri að mati heilbrigðisfulltra, komi fram málefnaleg sjónamið varðandi lengingu frests. Sé veittur styttri frestur en tvær vikur, skal það rökstutt á tilkynningamiða. Tilkynningarmiði skal límdur á ökutækið eða lausamuni þar sem heilbrigðisfulltrúi telur að mestar líkur séu á því að hann sjáist.
3. Heilbrigðisfulltrúi skal taka myndir af ökutæki eða lausamunum sé það mögulegt, að framan og aftan á ökutækinu þannig að númerastæði sjáist autt. Myndir skulu teknar af tilkynningarmiðanum álímdum á ökutækið ásamt öðrum myndum sem geta komið að gagni við málið, t.d. sjáanlegum skemmdum á ökutækinu, mengun sem það veldur o.þ.h.
4. Ef tæki (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) er staðsett á skilgreindri einkalóð og veldur mengunarhættu fyrir umhverfið eða slyshættu, að mati heilbrigðisfulltrúa, skal heilbrigðisfulltrúi kanna hjá húseigendum hver sé eigandi þess.
5. Ef ekki fást svör við fyrirspurnum um hver sé eigandi tækis (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) er lagt til að eiganda/ábyrgðaraðila lóðar sé sent kröfubréf um fjarlægingu þess innan ákveðins frests ásamt upplýsingum um að lóðarhafi beri kostnað við fjarlægingu þess, ef ekki er brugðist við kröfu um fjarlægingu.
6. Í kröfubréfi skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir), sbr. liði nr. 1. - 4.

#### Frágangur og skráning í gagnagrunn HES

1. Vettvangsskráningar ásamt myndum skal færa í gagnagrunn HES og skrá og vísta í samræmi við verklagsreglur þar um hjá viðkomandi HES.
2. Færa skal inn upplýsingar um tækið (ökutæki, vinnuvél, kerra, lausamunir) inn á eyðublað til viðkomandi verktaka ásamt þrem myndum (einni að framan, einni að aftan og eina af álímingamiða) af því. Skjalið skal heita samkv. eftirfarandi: *Sveitarfélag, Heimilsfang, Hverfi, Tegund, Litur.*

3. Verði eigandi ekki við kröfu um að fjarlægja tækið (ökutæki, vinnvél, kerra, lausamunir) innan tiltekins frests er send beiðni á verktaka á vegum heilbrigðiseftirlitseftrirlits um að fjarlægja tækið. Skrá skal athugasemdir og upplýsingar til verktakans eigi það við. Kostnaður við fjarlægingu á tæki fellur á eiganda.

**Frestir**

Hafi eigandi tækisins (ökutæki, vinnvél, kerra, lausamunir) eða eigandi/ábyrgðaraðili lóðar samband og óski eftir lengri fresti er heimilt að gefa hann, ef beiðnin er rökstudd með málefnalegum hætti. Lengri frestur er skráður í gagnagrunn HES ásamt ástæðum fyrir því að hann er veittur. Upplýsingar um lengri frest skal einnig senda til viðkomandi verktaka.

**Annað**

Öllum erindum vegna númerslauss ökutækis, vinnvéla, kerra, lausamuna, s.s. símtöl, samtöl, tölvupóstar o.þ.h. skal færa í gagnagrunn viðkomandi HES.

**Málsskotsréttur**

Um valdsvið og þvingunarúrræði heilbrigðiseftirlits vísast í 60. og 61. gr. í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að kæra málsmeðferð og aðgerðir Heilbrigðiseftirlitsins til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998. Slík kæra eða málsskot frestar þó ekki réttaráhrifum ákvörðunar.



# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## 170. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn miðvikudaginn

11. október 2021 kl. 16.00

### Mættir voru:

### Nefndarmenn:

Karitas Jónsdóttir (KJ)  
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)  
Steinunn I. Magnúsdóttir (SIM)  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)  
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)  
Trausti Gylfason (TG)  
Auður Kjartansdóttir (AK)

**Starfsmenn HeV:** Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri og Árni Gunnarsson, heilbrigðisfulltrúi.

### Dagskrá

#### 1. Fjárhagsáætlun 2022

*Fjárhagsáætlun 2022 samþykkt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að lagfæra skjalið í samræmi við umræður á fundinum.*

#### 2. Gjaldskrá 2022 lögð fram ásamt útreikningi á tímagjaldi

*Gjaldskrá 2022 samþykkt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að lagfæra skjölin í samræmi við umræður á fundinum.*

3. Reglugerð um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði lögð fram. Kynnt að reglugerðin hefur tekið gildi og sameining skal fara fram í síðasta lagi 1. janúar 2022. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

**Fundi slitið kl: 17:33**





## Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

haldinn 18. október 2021, kl 15.00. Fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu:

Frá Heilbrigðisnefnd: Karitas Jónsdóttir Akranes, Auður Kjartansdóttir Snæfellsbæ, Silja Steingrímsdóttir Borgarbyggð, Brynja Þorbjörnsdóttir, Hvalfjarðarsveit.

Fh. eigenda: Árni Hjörleifsson Skorradalshreppi, Björg Ágústsdóttir Grundarfirði, Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmi, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Linda Björk Pálsdóttir Hvalfjarðarsveit, Sævar Freyr Þráinsson og Steinar Adolfsson Akranes, Skúli Guðbjörnsson Dalabyggð, Kristján Sturluson Dalabyggð, Þórdís Sigurðardóttir Borgarbyggð, Eggert Kjartansson, Eyja- og Miklaholtshreppi og Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, Kjósarhreppi.

Þorsteinn Narfason ritaði fundargerð.

### Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2022  
Fjárhagsáætlunin var lögð fram og samþykkt.
2. Ný gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2022  
Gjaldskráin var lögð fram til kynningar.
3. Sameining svæða  
Ný Reglugerð nr. 1110/2021 um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði birtist í B-deild Stjórnartíðinda var lögð fram. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum og hefur því tekið gildi.  
*Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands lítur svo á að eftirlit í Kjósarhreppi færist með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þann 1. janúar 2022 og við birtingu ársreiknings fyrir árið 2021 verði fjármál gerð upp milli aðila.*
4. Önnur mál  
Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi slitið 16:39

Fjárhagsáætlun Heilbrigðisefirlits 2022

Skh. Lvh		Áætlun 2022	Spá árslok 21	Samþykkt áætlun 21	Staða 29. sep. 2021	Hlurdeild
<b>0</b>	<b>Tekjur</b>					
225	Startsleyfisgjöld	3.500.000	8.070.600	3.500.000	7.070.600	
990	Aðrar tekjur	0	70.452	0	70.452	
290	Innheimt rannsóknargjöld	3.200.000	3.234.652	3.500.000	1.680.958	
230	Eftirlitsgjöld	37.000.000	31.000.000	20.627.606	23.279.900	
810	Hlutféld Akraneskaupstaðar	9.086.623	9.043.332	9043332		45,43
810	Hlurdeild Borgarbyggðar	4.419.564	4.623.695	4623695		22,10
810	Hlurdeild Dalabyggðar	730.701	767.015	767015		3,65
810	Hlurdeild Eyja- og Miklholtshrepps	141.426	148.842	148842		0,71
810	Hlurdeild Grundarfjarðarbæjar	1.001.768	1.051.494	1051494		5,01
810	Hlurdeild Helgafellssveitar	82.499	76.822	76822		0,41
810	Hlurdeild Hvalfjarðarsveitar	766.058	750.210	750210		3,83
810	Hlurdeild Kjósarhrepps	294.638	0	0		1,47
810	Hlurdeild Skorradalshrepps	82.499	78.022	78022		0,41
810	Hlurdeild Snæfellsbæjar	1.991.750	2.009.363	2009363		9,96
810	Hlurdeild Stykkishólmsbæjar	1.402.475	1.451.206	1451206	20.000.000	7,01
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>63.700.000</b>	<b>62.375.704</b>	<b>47.627.606</b>	<b>52.101.910</b>	
	<b>10000 Rekstur</b>					
	<b>1999 Laun og launatengd gjöld</b>					
1610	Nefnd heildarkostnaður (laun og launateng	2.750.075	2.750.075	2.750.075	0	
1110	Laun heilbr. fulltrúa	33.369.204	28.088.004	28.088.004	21.627.098	
1132	Orlof 13,11% af yfirvinnu	550.872	687.118	687.118	362.358	
1150	Persónuuppbót	658.000	520.200	520.200	0	
1210	Yfirvinnu föst	4.201.920	4.091.172	4.091.172		
1210	Yfirvinnu breytileg	0	1.150.000	1.150.000		



1770	Fæðispeningar	694.199	483.516	483.516			
1810	Tryggingagjald 6,10%	2.291.839	2.033.080	2.033.080	1.556.616		
1840	Fjötísk. og styrktarsjóður 0,75%	281.783	249.969	249.969			
1820	Lífeyrissjóður 11,5% + 2% viðb.	4.504.843	3.832.855	3.832.855	3.094.428		
1910	Orlofsjóður 0,25%	93.928	83.323	83.323			
1940	Starfsmenntunarsjóður 0,22%	82.656	73.324	73.324			
1990	Annar starfsmannaakostnaður	30.000	0	0	18.213		
1890	Starfsþróunarsegur háskólamanna 0,70%	262.998	233.304	233.304			
1895	Vísindasjóður 1,5% af dagvinnu	500.538	421.320	421.320	785.555		
	<b>Laun samtals</b>	<b>50.272.855</b>	<b>44.697.260</b>	<b>44.697.260</b>	<b>27.444.268</b>		
	<b>2000 Annar rektarkostnaður</b>						
2020	Bækur, tímarit, blöð, áskriftir	15.000	15.000	15.000	6.300		
2030	Ritföng, pappír, bréfabindi	110.000	50.000	110.000	17.856		
2120	Kaffstofa	100.000	0	100.000	0		
2150	Vinnufatnaður	250.000	377.439	350.000	367.439		
2853	Ymiss búnaður	350.000	89.551	350.000	439.551		
2931	Eldsneyti (Rekstur bifreiða)	1.300.000	1.149.167	1.149.167	458.527		
2932	Bílaeigubílar	2.150.000	1.850.000	1.850.000	1.431.143		
2990	Önnur vörukaup	50.000	170.000	300.000	9.535		
4010	Prentun, fjölrítun ljósritun	100.000	100.000	100.000	0		
4011	Sími	490.000	490.000	490.000	318.720		
4012	Netþjónusta	341.000	340.121	60.000	221.217		
4080	Félagsgjöld	95.000	85.000	85.000	2.000		
4115	Starfsmannabílar	400.000	290.000	0	134.292		
4221	Dagpeningar innanlands	320.000	76.200	320.000	76.200		
4240	Fargjöld innanlands	50.000	0	50.000	0		
4332	Endurskoðun bókhald	650.000	548.275	650.000	548.275		
4334	Tölvuþjónusta	160.000	130.000	130.000	96.921		
4342	Bókhaldsþjónusta	432.000	385.000	285.000	288.895		
4343	Aðkeypt sérfræðiþjónusta án vsk	285.000	2.986.665	3.265.000	2.486.665		
4344	Aðkeypt sérfræðiþjónusta	7.500.000	6.000.000	3.900.000	5.037.866		
4413	Húsaleiga	1.101.000	881.000	1.130.000	660.629		
4660	Viðh. og endurnýjun tækja og véla	150.000	193.715	50.000	193.715		
4729	Abyrgðartryggingar	76.500	76.500	60.000	51.619		
4910	Innheimtu bókanum/kostnaður	120.000	100.000	70.000	76.199		
4912	Póstburðargjöld	40.000	30.000	40.000	17.675		



4913	Auglýsingar	60.000	350.000	350.000	12.801	
4921	Fundur og ráðstefnur	300.000	60.000	300.000	59.113	
4923	Námsskeið	200.000	0	200.000	0	
4990	Önnur aðkeypt þjónusta	175.000	175.000	175.000	110.311	
5705	Fjármagstekjuskattur	5.000	4.000	0	1.855	
5705	Dráttarvextir	0	62.199	0	62.199	
5853	Tölubúnaður og skrifstofuvörur	450.000	430.488	450.000	80.600	
<b>Annar rekstrararkostnaður samtals</b>		<b>17.825.500</b>	<b>17.495.320</b>	<b>16.384.167</b>	<b>13.268.118</b>	
<b>Gjöld samtals</b>		<b>68.098.355</b>	<b>62.192.580</b>	<b>61.081.427</b>	<b>40.712.386</b>	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<b>-4.398.355</b>	<b>183.124</b>	<b>-13.453.821</b>	<b>11.389.524</b>	

## GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

### 2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er kr. 16.200.

Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er kr. 26.000.

Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er kr. 245.000.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

### 3. gr.

Aðildarsveitarfélögin eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðast kr. 34.000 umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 29.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr. 16.200.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 36.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 27.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 36.000, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs og götusölu greiðist kr. 26.000, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærrí en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármálaráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekin í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða..

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykktá settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI laga nr. 92/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

### 4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfi og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

### 5. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en gjalddagi annarra gjalda útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum með heimild í 12 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1071/2020 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarna og matvælaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

*Hvalfjarðarsveit xx. október 2021*  
F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands  
**Þorsteinn Narfason**, framkvæmdastjóri.



## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

## Viðauki

Ísat-númer	Heiti atvinnustarfsemi	Tíðni	Árlegt eftirlitsgjald
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,25	16.200
01.24.0.2	Alifuglar framleiðsla á eggjum	0,25	40.175
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	0,5	52.650
52.31.0.0	Apótek	0,5	28.350
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	36.450
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	28.350
93.02.0.3	Baðhús	1	60.750
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	107.000
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	124.900
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	272.400
55.55.02	Bátaafgreiðsla	0,33	29.403
50.50.0.1	Bensinstöðvar, mannaðar	1	142.600
50.50.0.0	Bensinstöðvar, sjálfvirkar	0,5	57.550
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	45.400
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	57.550
50.20.0.4	Bifreiðaréttingar	0,5	28.350
50.20.0.3	Bifreiðasprautun	0,5	36.450
50.30.0.2	Bílapartasölur	1	77.800
15.96.0.0	Bjórgerð lítil	1	81.000
15.96.0.1	Bjórgerð stór	1	97.200
28.52.0.1	Blikksmiði	0,25	16.200
50.20.0.6	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,25	16.200
50.20.0.5	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	57.550
37.20.0.2	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5	50.625
85.32.1.1	Dagforeldri með > 6 börn	0,5	32.400
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	14.175
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili	0,5	52.650
01.42.0.1	Dýrageymsla	0,25	14.175
85.20.0.2	Dýralæknastofa	0,25	16.200
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	40.500
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	48.600
37.20.0.3	Endurvinnsla seyru	0,5	44.550
75.23.0.2	Fangelsi	0,5	60.750
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,25	18.225
52.23.0.1	Fiskbúð	1	107.000

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

51.17.2.0	Fiskmarkaður	1	72.900
63.23.0.1	Flugvöllur lítill	0,25	30.375
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	30.375
80.21.0.1	Framhalds- og háskólar	0,5	52.650
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	32.400
20.53.0.0	Framleiðsla á ilmólíum	0,25	18.225
10.31.0.0	Framleiðsla á kartöflufloögum litil	1	81.000
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli/feiti < 10 tonn á dag	1	97.200
15.20.0.1	Framleiðsla á tilbúnum réttum	1	98.900
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	56.700
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja lítill	1	81.000
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og safa	1	97.200
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	40.500
85.32.3.2	Fristundaheimili/Félagsmiðstöð	0,5	40.500
24.20.0.1	Garðaúðun	0,25	16.200
90.00.0.7	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	28.350
90.00.0.0	Gámastöð	0,5	36.450
63.21.0.3	Geymsla hættulegra efna s.s. gass	0,25	18.225
63.21.0.2	Geymsla hættulegra efna s.s. sement	1	113.400
50.30.0.1	Geymslusvæði	0,5	44.550
55.12.0.1	Gististaður < 16 manns	0,25	18.225
55.12.0.2	Gististaður 17-50 manns	0,33	26.730
55.12.0.3	Gististaður > 50 manns	0,5	44.550
80.10.0.1	Grunnskólar	0,5	52.650
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,25	20.250
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur og snyrtistofur	0,25	20.250
51.31.0.1	Heildverslun litil	0,5	28.350
51.31.0.2	Heildverslun miðlungs	0,5	60.750
51.31.0.3	Heildverslun stór	1	202.500
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	22.275
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða lítið	0,25	20.250
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, stórt	0,5	56.700
40.10.0.2	Hítaveita úr lághita	0,25	24.300
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	64.800
85.14.9.5	Húðgötun	0,5	32.400
15.52.0.0	Ísgerð	1	108.700
92.61.0.4	Íþróttahús, litil	0,5	32.400
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	40.500
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	97.200
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	14.175
37.20.0.4	Jarðboranir	1	56.700
85.14.9.3	Jógastofur, heilun o.fl.	0,25	16.200

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

55.40.0.0	Kaffihús eða krá lítil	0,5	40.500
55.40.0.1	Kaffihús eða krá miðlungs	1	64.800
55.40.0.2	Kaffihús eða krá stór	1	97.200
92.62.2.0	Kappaksturs og æfingabraut	0,5	36.450
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	16.200
15.13.0.4	Kjöttvinnsla með reykingu, lítil	1	89.100
15.13.0.1	Kjöttvinnsla, lítil	1	72.900
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	40.500
85.32.2.1	Leikskólar	0,5	60.750
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	32.400
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	81.000
01.25.2.0	Loðdýrabú	0,5	44.550
85.12.2.1	Læknastofur án aðgerðarýmis	0,25	16.200
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	22.275
52.62.0.1	Markaður lítill	0,5	40.500
52.62.0.2	Markaður miðlungs	1	81.000
52.62.0.3	Markaður stór	2	162.000
55.30.1.1	Matsölustaðir <16 manns	1	64.800
55.30.1.2	Matsölustaðir 17-50 manns	1	89.100
55.30.1.3	Matsölustaðir >50 manns	1	97.200
55.30.1.7	Matsöluvagn lítill	1	48.600
55.30.1.8	Matsöluvagn stór	1	64.800
52.11.2.4	Matvöruverslun, lítil	1	98.900
52.11.2.5	Matvöruverslun, miðlungs	1	133.000
52.11.2.6	Matvöruverslun, stór	1	183.300
35.11.0.1	Málmsmiðja	0,5	40.500
85.31.5.2	Meðferðarstofnun	0,25	30.375
20.20.0.2	Meindýravarnir	0,25	18.225
15.20.7.1	Mjölvinnsla	1	98.900
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	60.750
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	1	105.300
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	64.800
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	89.100
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	105.300
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	32.400
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	64.800
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	81.000
14.30.0.0	Námur	0,33	29.403
55.55.03	Neyslugeymir fyrir olíu	0,33	18.711
45.11.0.1	Niðurrif húsa og annarra mannvirkja umfang lítið	1	52.650
45.11.0.2	Niðurrif húsa og annarra mannvirkja umfang mikið	1	72.900
15.20.8.0	Niðursuðuverksmiðja	0,5	40.500



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	18.225
26.82.9.1	Olíumalar og malbikunarstöðvar með færanlega starfsemi	1	64.800
85.32.2.3	Opin leiksvæði	0,5	32.400
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	48.600
22.22.9.2	Prentiðnaður	0,25	22.275
85.14.9.1	Rannsóknarstofur	0,5	26.325
92.62.0.1	Reiðhöll	0,25	16.200
92.72.0.1	Reiðskólar og hestaleigur	0,33	21.384
50.20.0.8	Ryðvarnarverkstæði	1	64.800
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	84.400
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	64.800
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	89.100
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	178.200
52.11.3.3	Sala á tóbaki	0,5	32.400
15.33.0.2	Salatgerð	1	115.100
55.40.0.3	Samkomustaður lítill	0,25	16.200
55.40.0.4	Samkomustaður miðlungs	0,5	40.500
55.40.0.5	Samkomustaður stór	1	81.000
58.51.3.9	Sandblástur	0,5	28.350
85.11.1.2	Sjúkrahús	1	89.100
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,25	16.200
75.23.0.1	Skammtímvistun fanga	0,5	28.350
55.30.2.1	Skemmtistaðir	1	81.000
92.72.0.1	Skotvellir	0,33	21.384
90.00.0.1	Skólphreinsun, litlar fráveitur 1-50 p.e	0,25	16.200
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar 50-3000 p.e. með afrennsli í ferskvatn	0,5	74.600
90.00.0.3	Skólphreinsistöðvar/fráveitur 25-2000 p.e. með afrennsli til strandsjávar	1	175.200
90.00.0.4	Skólphreinsistöðvar/fráveitur 2.000-10.000 p.e. með afrennsli til strandsjávar	2	366.600
90.00.0.5	Skólphreinsun/fráveita fyrirtækja með ólíka starfsemi afrennsli í sjó.	1	97.200
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	15.188
15.11.0.2	Sláturhús <1 tonn á dag, örsláturhús	0,5	28.350
15.11.0.1	Sláturhús 50 tonn á dag	1	89.100
15.20.0.2	Smáframleiðsla	0,25	24.300
50.20.0.7	Smurstöðvar	0,5	49.450
97.00.0.2	Snyrtihús á ferðamannastöðum og önnur almenningssalerni	0,5	28.350
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,25	18.225
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla lítil	0,25	22.275
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla miðlungs	0,25	30.375
24.52.0.3	Snyrtivöruframleiðsla stór	0,5	76.950
90.00.0.8	Sorpflutningar og sorphirða	1	56.700
93.04.0.8	Sólbaðstofur	0,5	32.400
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	24.300

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTURLANDS

14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	0,5	68.850
52.11.1.1	Stórmarkaðir >400m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	2	266.000
52.11.1.2	Stórmarkaðir >400m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	3	399.000
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð lítil	0,25	16.200
15.33.0.2	Sultu- og ávaxtagrautargerð stór	0,5	62.450
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	134.700
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	257.980
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	3	478.700
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	81.000
01.12.1.2	Svepparækt	0,5	48.600
01.23.0.1	Svinabú <2000 stæði fyrir alisvin eða <750 stæði fyrir gyltur	1	97.200
52.11.3.1	Söluturn	1	90.800
52.11.3.2	Söluturn með óvarin matvæli	1	64.800
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	36.450
15.86.0.0	Te- og kaffíframleiðsla	1	56.700
55.22.0.1	Tjald- og gistinguastæði lítið	0,25	20.250
55.22.0.2	Tjald- og gistinguastæði miðlungs	0,33	28.067
55.22.0.3	Tjald- og gistinguastæði stórt	0,5	46.575
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	16.200
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði	0,25	16.200
80.10.0.6	Útihátíðar	1	89.100
41.00.0.0	Vatnsveitur til einkanota	0,5	56.375
41.00.0.1	Vatnsveitur <151 neytendur/matvælaframleiðendur	0,75	71.563
41.00.0.2	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	90.800
41.00.0.3	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	168.800
41.00.0.4	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	4	421.600
41.00.0.5	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	5	546.500
26.82.9.1	Verkstæðisaðstaða verktaka	0,5	52.650
29.11.0.0	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	28.350
50.20.0.9	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	24.300
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski	0,5	36.450
25.21.0.2	Vinnsla með plast, frauðefni og glerrefjar	0,5	30.375
15.31.0.0	Vinnsla og þökkun á grænmeti	0,5	32.400
40.10.0.2	Virkjanir 2MW-50 MW	0,5	36.450
63.21.0.1	Vörugeymslur og flutningamiðstöðvar	1	72.900
85.31.3.0	Þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara	0,5	32.400
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	36.450
80.42.9.0	Önnur ótalin fræðslustarfsemi	0,25	18.225
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérvörslunum	0,5	36.450



**194. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 21. september 2021, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason

Björn Helgi Barkarson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti var gestur á fundinum í fyrsta lið.

Magnús A. Sigurðsson tilkynnti forföll sem og varamaður hans.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Framtíð Breiðafjarðar**

Björn Helgi Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti kynnti áform ráðuneytisins um áframhaldandi vinnu um framtíð Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd þakkar Birni fyrir kynninguna.

*Björn Helgi yfirgaf fundinn.*

**Tilnefning fulltrúa í stýrihóp um framtíð Breiðafjarðar**

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti óskar eftir tilnefningu frá Breiðafjarðarnefnd í stýrihóp um framtíð Breiðafjarðar.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt að tilnefna Erlu Friðriksdóttur í stýrihópinn.

**Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021**

Uppfærð áætlun lögð fram.

**Afgreiðsla:**

Erla heyrir í forstöðumanni Náttúrustofu Vesturlands og Birni Helga Barkarsyni hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og kemur með tillögu til nefndarinnar um hvaða verkefni er brýnast að vinna fram til áramóta.

**Önnur mál**

**Landvarsla við Breiðafjörð**

Mikilvægt að vera í góðum tíma að skipuleggja landvörslu við fjörðinn. Samþykkt að óska eftir að fá fulltrúa frá Umhverfisstofnun á næsta fund.

**Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 12. október, kl. 13:00.**

**Fundi slitið kl. 11:30.**



# Fundargerð 902. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 29. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Skúli Þór Helgason, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Gauti Jóhannesson og Lilja Einarsdóttir.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds og Jón Björn Hákonarson boðuðu forföll, varamenn þeirra höfðu ekki tók á að mæta.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Skúli Þór Helgason mætti í hennar stað og tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Ásgerður Kristín Gylfadóttir boðaði forföll, varamaður hennar Lilja Einarsdóttir mætti í hennar stað og tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Kristján Þór Magnússon boðaði forföll, varamaður hans Gauti Jóhannesson mætti í hans stað og tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 901. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 901. fundar stjórnar sambandsins frá 24. september 2021.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

### 2. Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis - 2101066SA

Jón Viggó Gunnarsson, formaður verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum og Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins mættu á fundinn undir þessum lið og fóru yfir verkefni sem eru framundan við innleiðingu hringrásarkerfis, sbr. bókun stjórnar sambandsins 24. september 2021.

*Stjórnin þakkar Jóni Viggó og Eygerði fyrir þeirra kynningu. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir um allt land til að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinga um hringrásarhagkerfi sem taka gildi 1. janúar 2023. Aukið samstarf sveitarfélaga og meiri samræming í meðhöndlun úrgangs eru án efa lykilkættir til að ná sem mestri hagkvæmni í þeim breytingum sem framundan eru í úrgangsmálum. Stjórnin væntir þess að sambandið geti orðið leiðandi í þeirri þróun, í góðu samstarfi við önnur stjórnvöld sem að málinu koma.*

Skúli Helgason vék af fundi undir lið 2 kl. 12:30 og kom aftur inn kl. 13:30.

### 3. Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál - 2110003SA

Lögð fram ályktun bæjarráðs Árborgar frá 30. september 2021, þar sem skorað er á stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir fullri viðurkenningu ríkisvaldsins á leikskólastiginu sem menntastofnun með því að ríkisvaldið skilgreini sveitarfélögum tekjustofn til að standa straum af kostnaði við rekstur leikskóla frá lokum fæðingarorlofs. Jafnframt þarf að tryggja leiðir til að fjármagna þjónustu við fötluð börn á leikskólum og þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku, t.d. með jöfnunarframlögum.

Stjórnin tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar og telur hana vera í góðu samræmi við stefnumörkun sambandsins, þar sem kveðið er á um að sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.

Lenging fæðingarorlofs í tólf mánuði hefur nú tekið gildi. Fyrir liggur skýrsla starfshóps um faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þurfi tillit til, þar á meðal varðandi mannafla og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt leiðum til fjármögnunar. Nauðsynleg grunnvinna hefur því þegar farið fram sem flýtt getur fyrir viðræðum um málið milli ríkis og sveitarfélaga. Við umræðu um málið kom fram tillaga um að sambandið standi fyrir málþingi um leikskólamál þar sem rædd verði framtíðarsýn fyrir leikskólastigið. Stjórnin vísar þeirri tillögu til fræðslumálanefndar og sérfræðinga sveitarfélaga í fræðslumálum til nánari útfærslu.

### 4. Svar við beiðni um tilnefningu í samstarfshóp vegna fráveitumála - 2009696SA

Lagt fram bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. október 2021, um svar við beiðni um tilnefningu í samstarfshóp vegna fráveitumála.

Stjórnin ítrekar bókun sína frá 28. september sl. þar sem lagt var til að stofnaður verði samráðshópur með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Samorku og sambandsins sem verði falið að móta raunhæfar tillögur um hvernig hraða megi uppbyggingu fráveitna.

Eins og bókunin ber með sér leggur stjórn sambandsins áherslu á að starfshópurinn fari yfir reglugerðardrögin og málið í heild sinni áður en að reglugerð verði sett. Sambandið getur því á engan hátt fallist á þá nálgun sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins að starfshópurinn hafi aðeins það hlutverk að útfæra framkvæmd eftir að reglugerð hefur verið sett. Jafnframt er ástæða til að undirstrika að í bókuninni er gert ráð fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eigi aðkomu að starfshópnum enda er fyrirséð að málið muni hafa veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaga á næstu árum.

Loks áréttar stjórnin að þegar sambandið sendir skriflegt erindi til stjórnvalds er gengið út frá því að viðbrögð berist frá stjórnvaldinu, annaðhvort með skriflegu svari eða að veitt sé færi á fundi eins og óskað er eftir í erindinu.



- 5. Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki - 2110025SA**  
Lagt fram bréf Landverndar, mótt. 20. október 2021, þar sem kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga er boðin þátttaka í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki, ásamt upplýsingum um námskeiðið. Þátttaka í upphafi verður sveitarfélögunum gjaldfrjáls en gjaldskráin yrði síðar meir endurskoðuð ef framvinda námskeiðsins gengur vel.  
*Stjórnin tekur jákvætt í erindið og telur það fela í sér tækifæri til að auka þekkingu sveitarstjórnarfólks og styðja við þá vinnu sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í loftslagsmálum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að kynna erindið fyrir sveitarfélögum.*
- 6. Samskipti sambandsins við Alþingi og ríkisstjórn - 2109013SA**  
Lagt fram bréf sambandsins til nýkjörinna alþingismanna, dags. 27. september 2021, um samskipti sambandsins við Alþingi og ríkisstjórn, ásamt fylgiskjali.  
Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 13:55.
- 7. Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu 2021 - 2009144SA**  
Lagt fram minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 25. október 2021, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2021. Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs fór yfir minnisblaðið en þar kemur fram að almennt voru þátttakendur mjög ánægðir með fyrirkomulag, efnistöð og framkvæmd ráðstefnunnar.
- 8. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun kafla 7, 9 og 10 í aðalnámskrá leikskóla - 2109033SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. september 2021, þar sem Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi í Garðabæ, er tilnefnd í starfshóp um endurskoðun kafla 7, 9 og 10 í aðalnámskrá leikskóla.
- 9. Tilnefning í stýrihóp Innkaupaskólans - 2110020SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Ríkiskaupa, dags. 18. október 2021, þar sem Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp Innkaupaskólans.
- 10. Tilnefning í starfshóp um innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna - 2110015SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. október 2021, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.
- 11. Tilnefning í þverfaglegan starfshóp varðandi reglugerð um bótaskyldan atvinnusjúkdóm - 2110002SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 25. október 2021, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, er tilnefnd í þverfaglegan starfshóp varðandi reglugerð um bótaskyldan atvinnusjúkdóm.



- 12. Umsögn um skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis - 2109044SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. september 2021, um skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun gengis, mál nr. S-157/2021.
- 13. Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2109020SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. október 2021, um drög að breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mál nr. S-189/2021.
- 14. Skýrsla um ástand stoppistöðva á landsvísu - 2103028SA**  
Lögð fram til kynningar skýrsla sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Öryrkjabandalag Íslands um ástand stoppistöðva á landsvísu, dags. 1. september 2021.
- 15. Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum - 2110013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, dags. 14. október 2021, um viðmiðunarlaunatöflu fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum.
- 16. Ályktanir landsþings Proskahjálpar 2021 - 2110026SA**  
Lagðar fram til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á landsþingi Landssamtaka Proskahjálpar 9. október 2021.
- 17. Ályktun haustþings Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra - 2110034SA**  
Lögð fram til kynningar ályktun sem samþykkt var á haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 22. október 2021.
- 18. Uppsetning búnaðar til útsendinga útvarps í jarðgöngum o.fl. - 2106009SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Samgöngufélagsins til Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Fjallabyggðar, Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 13. október 2021, um uppsetningu búnaðar til útsendinga útvarps í jarðgöngum o.fl.

Fundi var slitið kl. 13:59

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Lilja Einarsdóttir

# Fundargerð 438. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 15. október kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson og Pétur Ólafsson. Í fjarfundasambandi voru Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Sesselía Dan Róbertsdóttir hagfræðingur hjá Hafnasambandi Íslands, Fannar Gíslason forstöðumaður hjá Vegagerðinni og Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 437. fundar - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 437. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 16. september 2021.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Samráð og samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og hafnasambandsins - 2009015HA

Fannar Gíslason, forstöðumaður hjá Vegagerðinni, fór yfir þau verkefni sem eru í gangi hjá stofnuninni og tengjast höfnum. Rætt var um hvernig hafnasambandið og Vegagerðin geta unnið saman að því að efla hafnir landsins. Einnig var fjallað um mikilvægi þess að móta framtíðarsýn fyrir málaflökkinn.

### 3. Lögmæti gjaldtöku og reikningsgerðar HS Veitna hf. - 2010002HA

Lagt fram bréf Orkustofnunar til Grindavíkurhafnar, dags. 30. september 2021, um ákvörðun Orkustofnunar vegna kvörtunar Grindavíkurhafnar er varðar lögmæti gjaldtöku og reikningsgerðar HS Veitna hf.

Fannar Gíslason fór af fundi kl. 12:15.

### 4. Úrvinnslusjóður - 2012002HA

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins gerði grein fyrir stöðu veiðafærasamnings Úrvinnslusjóðs við SFS.

*Stjórn Hafnasambands Íslands telur ekki tímabært að samþykkja nýjan samning milli Úrvinnslusjóðs og SFS þar sem ekki hefur verið tryggt að samningurinn þjóni markmiðum laga um úrvinnslugjald og tryggi ásættanlega úrvinnslu úrgangs veiðarfæra er innihalda plast. Með slíkum samningi væri SFS falið að setja upp sérstakt söfnunarkerfi fyrir veiðarfæri er innihalda plast en á sama tíma hafa ekki fengist skýr svör frá Úrvinnslusjóði né öðrum stjórnvöldum um hver ábyrgð hafna sé þegar kemur að móttöku veiðarfæra er innihalda plast. Samkvæmt lögum um verndun hafs og stranda ber hafnarstjórn að koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum, þar á meðal móttöku á veiðarfæraúrgangi. Að mati Hafnasambandsins er forsenda fyrir samningi að þar til*



bærir aðilar staðfesti að hafnastjórnnum beri ekki lengur skylda til að taka á móti veiðarfærum er innihalda plast þar sem samningur milli Úrvinnslusjóðs og SFS feli í sér að framleiðendaábyrgðin er að fullu færð til SFS, þar á meðal ábyrgð á móttöku og söfnun veiðarfæraúrgangs. Að öðrum kosti væri eðlilegast að rifta núverandi samkomulagi og fela Úrvinnslusjóði framleiðendaábyrgð á veiðarfærum er innihalda plast.

Bryndís Gunnlaugsdóttir fór af fundi kl. 12:30.

**5. Framkvæmdaþörf hafna - 2105002HA**

Sesselía Dan Róbertsdóttir gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en ennþá vantar upplýsingar frá mörgum höfnum.

Stjórn hafnasambandsins hvetur aðildarhafnir til að taka saman umbeðnar upplýsingar og senda sem fyrst á Sesselíu Dan.

Sesselía Dan Róbertsdóttir fór af fundi kl. 12:50.

**6. Samráðsfundur hafna - 2110004HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar samráðsfundar hafna frá 8. október 2021.

**7. Rafvæðing hafna - 2110001HA**

Rætt um rafvæðingu hafna í framhaldi af gögnum sem send voru á milli eftir síðasta fund.

Ákveðið að taka saman upplýsingar um málið og taka það aftur upp á næsta fundi stjórnar.

**8. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA**

Rætt um dagsetningu hafnasambandsþings 2022 sem haldið verður hjá Höfnum Snæfellsbæjar.

Samþykkt að halda Hafnasambandsþing Hafnasambands Íslands 27.-28. október 2022. Einnig samþykkt að tilnefna Lúðvík Geirsson, Rebekku Hilmarsdóttur og Björn Arnaldsson í undirbúningsnefnd fyrir þingið.

**9. Dagatal stjórnar 2022 - 2110003HA**

Lögð fram drög að dagatali stjórnar hafnasambandsins 2022.

Stjórn samþykktir fundarplanið með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

**10. Vinnustofa um aukna sjálfbærni skemmtiferðaskipa á Norðurlöndum - 2110005HA**

Lagt fram boð á vinnustofu sem mun leiða af sér tillögur til Norrænu ráðherranefndarinnar um raunhæfar leiðir og verkfæri til að auka sjálfbærni skemmtiferðaskipa á Norðurlöndum.

Stjórn hafnasambandsins samþykkir að senda fulltrúa á vinnustofuna.

Fundi var slitið kl. 13:10

---

Lúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Magnús Þór Ásmundsson

---

Pétur Ólafsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Alexandra Jóhannesdóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Valur Rafn Halldórsson

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Jón Eggertsson <jonegg@simnet.is>  
**Sent:** mánudagur, 25. október 2021 10:13  
**To:** Lilja Ólafardóttir  
**Subject:** klif basar.

Sæl Lilja

Sæki um niðurfellingu á leigu á Félagsheimilinu Klifi 21.nóv. nk. vegna Jólabasars Félags eldri borgara í Snæfellsbæ  
Fyrir hönd FEB Snæfellsbæ Margrét Vigfúsdóttir



Snæfellsbær.

Bt. bæjarstjórnar.

Klettsbúð 4

360 Snæfellsbær.

Snæfellsbæ, 2.nóv. 2021

**Efni: umsókn um viðbótarstyrk fyrir knattspyrnudeild Víkings Ó vegna 2021.**

Stjórn knattspyrnudeildar Víkings gekk á fund bæjarstjóra og bæjarritara nú í seinni hluta október. Tilefni fundarins var að kynna fyrir þeim erfiða stöðu deildarinnar vegna líðandi árs. Við réðum ungan og efnilega þjálfara síðla árs 2020 og bundum við miklar vonir við að hann myndi koma með ákveðinn „ferskleika“ inn og gera okkar félag samkeppnishæft í næst efstu deild. Til að gera langa sögu stutta þá ákvað hann að segja sig frá verkefninu í byrjun júlí sökum slaks árangurs á vellinum. Þá voru góð ráð „dýr“ og ákváðum við að heyra í Guðjóni Þórðarsyni til að taka við keflinu. Allt kapp var lagt á að halda sér í deildinni og ákváðum við að fá til okkar nokkra leikmenn á miðju sumri til að hjálpa okkur. Því miður þá tókst það ekki og erum við að súpa seyðið af því núna.

Með þessum orðum viljum við kynna bæjarstjórn stöðuna og vonum við að bæjarfulltrúar taki þátt í að hjálpa okkur yfir þennan hjalla. Það eru þung spor fyrir okkur í stjórn knattspyrnudeildinni að biðja um aðstoð, við teljum okkur vera að gera gagn fyrir samfélagið og því leitum við til ykkar um aðstoð. Með þessu bréfi óskum við eftir styrk að fjárhæð kr. 2.000.000,-

Með fyrirfram þökk og von um jákvæð viðbrögð.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Víkings Ó,

Jóhann Pétursson form.



**KJÖLUR**

Stéttarfélag starfsmanna  
í almannajónustu

Snæfellsbær  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Grundarfirði 22. október 2021

**Efni: Sameining Starfsmannafélags Dala- og Snæfellssýslu (SDS) og Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.**

Þann 21. október 2021 sameinaðist SDS Kili stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

Sameinaða félagið verður innan vébanda BSRB og fer með kjarasamningsfyrirsvar fyrir félagsmenn sína gagnvart viðsejndum sínum skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og/eða lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Kjölur stéttarfélag mun framvegis verða í forsvari fyrir hönd félagsmanna sinna, með sama hætti og SDS gerði.

Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu væntir áframhaldandi góðrar samvinnu í framtíðinni.

Virðingarfyllt

F.h. Kjalar stéttarfélags

Arna Jakobína Björnsdóttir formaður

Helga Hafsteinsdóttir, fráfarandi formaður SDS

Skipagata 14  
Pósthólf 75  
602 Akureyri  
Sími 525 8383  
kjolur@kjolur.is  
[www.kjolur.is](http://www.kjolur.is)





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Bifröst, október 2021  
Mál-2110013/SK

Til fyrirtækja á Vesturlandi

Kæri móttakandi

Mikilvægt hlutverk háskóla er að vera í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í sínu nærumhverfi. Háskólinn á Bifröst hefur sett sér nýja stefnu sem felur m.a. í sér áform um aukna samfélagsþátttöku á Vesturlandi og eins og kostur er á landsbyggðinni allri. Þetta getur snúið að fræðslu, rannsóknum og þróun og tengslum við atvinnulíf og samfélag almennt.

Háskólinn á Bifröst og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa lagt drög að samkomulagi um samstarf um aukin tengsl háskólans við atvinnulíf og samfélag á Vesturlandi. Einn liður í því er að koma á tengslum milli nemenda og fyrirtækja sem gefi möguleika á hagnýtum verkefnum fyrir nemendur, ásamt því að kynna fyrir þeim tækifæri á starfsnámi hjá fyrirtækjum og stofnunum innan landshlutans. Tengsl SSV við fyrirtæki í landshlutanum eru hér nýtt sem farvegur til að koma þessum vilja háskólans á framfæri.

Starfsemi Háskólans á Bifröst er á sviði félagsvísinda þar sem kenndar eru greinar innan viðskiptafræði, lögfræði og annarra sviða félagsvísinda. Möguleg verkefni nemenda og starfsnám felast í aðalatriðum í eftirfarandi:

**Nemendaverkefni.** Nemendur í grunnámi vinna ýmis stærri verkefni sem geta haft tengsl við atvinnulíf og samfélag. Þar má nefna lokaritgerðir (yfirléitt einstaklingar), misserisverkefni (4-6 nemendur) og námskeið með fókus á atvinnulíf og samfélag þar sem fræðin má nýta til að greina og meta fjölbreytt viðfangsefni.

**Starfsnám.** Nemendur sem komnir eru áleiðis í grunnámi eða meistaranámi geta tekið eitt valnámskeið í starfsnámi þar sem þeir vinna í fjórar vikur í fyrirtæki eða stofnun. Starfið er ólaunað en nemandinn fær reynslu og tækifæri til að nýta menntun sína í raunverulegum viðfangsefnum. Viðkomandi fyrirtæki eða stofnun tekur að sér ákveðna leiðsögn fyrir nemendann og felur honum viðfangsefni við hæfi. Nánar m.a. á vefsíðu háskólans <https://www.bifrost.is/namid/starfsnam->

Ýmislegt fleira er í bígerð sem tengist háskólanum og landshlutanum sem má nefna til viðbótar. Undirbúningur er hafin að því að stofna Rannsóknasetur skapandi greina á Bifröst og áformað að því verði komið á fót innan tveggja ára. Háskólinn á Bifröst tekur virkan þátt í að stofna Nýsköpunarnet Vesturlands en hlutverk þess er að tengja saman þá aðila sem styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf á svæðinu. Þá hafa Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands ásamt samstarfsaðilum undirritað viljayfirlýsingu um stofnun nýsköpunar- og þróunarseturs sem stuðli að hagnýtingu rannsókna, nýsköpunar- og frumkvöðlastarfs og fræðslu sem þjóni ýmsum atvinnugreinum og samfélagsverkefnum á landsbyggðinni.





HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Með þessu bréfi viljum við benda á þau tækifæri sem geta falist í tengslum fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi við háskólann og nemendur hans og bjóða liðsinni háskólans við að koma slíkum tengslum á. Fyrirtækjum stendur einnig til boða að koma á vinnuhelgar nemenda á Bifröst hafi þeir áhuga á að kynna sig og viðfangsefni sín. Þeir sem sjá tækifæri í að nýta þessi tengsl eru beðnir um að hafa samband við **Stefán Kalmansson netfang [stefank@bifrost.is](mailto:stefank@bifrost.is) sími 698-2284**, hvort sem er til að fá frekari upplýsingar eða til að leggja fram möguleg samstarfsverkefni. Stefán mun halda utan um tillögur að verkefnum og samstarfsaðilum og kynna fyrir nemendum þau tækifæri sem þeim bjóðast.

Með kærri kveðju,



Margrét Jónsdóttir Njarðvík  
rektor



Stefán Kalmansson  
verkefnastjóri nýsköpunar  
og atvinnulífstengsla



Reykjavík, 1. nóvember 2021



Dagur Íslenskrar tungu  
16. nóvember

Ágæti viðtakandi.

Degi Íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta og sjötta sinn þriðjudaginn 16. nóvember nk. Dagurinn hefur fest sig í sessi sem sérstakur hátíðisdagur íslenskunnar og gefur kjörið tækifæri til þess að fagna því sem vel er gert.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum standa saman að undirbúningi og kynningu á degi Íslenskrar tungu og vilja hvetja sem flesta skóla og stofnanir til þess að fagna honum með því að hafa Íslenskuna í öndvegi.

Minnt er á að dagur Íslenskrar tungu er opinber fánadagur og því mælst til þess að opinberar stofnanir dragi fána að hún í tilefni dagsins.

Dagskrá hátíðisdagsins er með hefðbundnu sniði þar sem Íslenskan verður í heiðri höfð. Kastljósinu verður beint að skáldskap Jónasar Hallgrímssonar og verðlaun og viðurkenningar veittar þeim sem hafa unnið Íslenskri tungu sérstakt gagn. Hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis verður að þessu sinni í Vestmannaeyjum. Einnig verður málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í tilefni þess að vefgáttin málið.is á fimm ára afmæli. Verður ný gerð hennar kynnt í tilefni dagsins.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur umsjón með ýmsum verkefnum sem tengjast viðburðum á degi Íslenskrar tungu. Þeir sem vilja kynna viðburði sína geta sent ábendingar um slíkt á netfangið [ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is](mailto:ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is). Almennar upplýsingar um dag Íslenskrar tungu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis og á Facebook-síðu dags Íslenskrar tungu (<https://www.facebook.com/dagur.isl.tungu/>).

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Þórisdóttir ([ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is](mailto:ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is)) og Laufey Kristjánsdóttir ([laufey.kristjansdottir@mrn.is](mailto:laufey.kristjansdottir@mrn.is)).

Með von um góðar undirtektir og kærri kveðju,

Lilja D. Alfreðsdóttir,  
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal,  
forstöðumaður Stofnunar Árna  
Magnússonar í íslenskum fræðum





# BARNAPING

## 2021

HARPA | 18. - 19. NÓVEMBER

Reykjavík 2. nóvember 2021

Kæri viðtakandi,

### Boð á barnaþing 18. og 19. nóvember

Dagana 18. og 19. nóvember næstkomandi verður haldið þing um málefni barna, barnaþing, og óskar embætti umboðsmanns barna eftir þátttöku þinni eða fulltrúa stofnunarinnar/félagsins. Barnaþingið er nú haldið í annað sinn en samkvæmt lögum um umboðsmann barna er honum falið að halda þing um málefni barna á tveggja ára fresti. Barnaþing er öflugur vettvangur fyrir samtal og samráð um málefni barna til framtíðar. Verndari barnaþings er frú Vigdís Finnbogadóttir.

Börnin sem taka þátt á þinginu voru valin með slembivali úr þjóðskrá en um 160 börn er að ræða af öllu landinu með fjölbreytta reynslu og bakgrunn. Gert er ráð fyrir þátttöku alþingismanna, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og frjálsra félagsamtaka sem vinna að málefnum barna. Niðurstöður og ályktanir þingsins verða kynntar ríkisstjórn og er ætlað að verða hluti af samræmdri og markvissri stefnu í málefnum barna. Boðið verður upp á lifandi dagskrá með virkri þátttöku barna og fullorðinna.

Dagskráin hefst klukkan 15:00 þann 18. nóvember með setningarathöfn í Norðurljósasal Hörpu og verður boðið upp á lifandi dagskrá með virkri þátttöku barna og fullorðinna. Áætlað er að setningarathöfninni ljúki um kl. 16:00 með kaffiveitingum. Skráning fer fram á hlekk neðst í þessu bréfi.

Þann 19. nóvember fara fram umræður með þjóðfundarfyrirkomulagi í Silfurbergi í Hörpu. Börnin hefja umræðuna um morguninn á vinnuborðum en strax eftir hádegi mæta fullorðnir boðsgestir til að taka þátt í áframhaldandi umræðu um þau umfjöllunarefni sem börnin hafa valið. Gert er ráð fyrir að fullorðnir gestir mæti klukkan 13:00 þann 19. nóvember og taka skráðir gestir fullan þátt í umræðu á vinnuborðum með börnum frá kl. 13:20 þann dag. Dagskránni lýkur um klukkan 16:00 með léttum veitingum.

Ljóst er að færri munu komast að en vilja, enda um einstakt tækifæri að ræða, en fjöldi sæta er takmarkaður. Skráning fyrir þjóðfundinn er nauðsynleg með hlekk hér að neðan. Skráningarfrestur fyrir báða viðburði er til og með 11. nóvember nk. Nánari upplýsingar um barnaþing og framkvæmd þess má finna á [www.barnaþing.is](http://www.barnaþing.is).




Það er von mín að þú eða fulltrúar stofnunarinnar/félagsins sjáir þér/ykkur fært að mæta á barnþing og taka þátt í að efla lýðræðislega þátttöku barna og um leið styrkja tengsl þeirra sem vinna að málefnum barna í íslensku samfélagi.

*Hlekkir á skráningu:*

*Skráning á hátíðardagskrá 18. nóvember - <https://www.surveymonkey.com/r/hatidardagskra>*

*Skráning á þjóðfundinn 19. nóvember - <https://www.surveymonkey.com/r/skraningfullordinna>*

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna



Snæfellsbær  
Kristinn Jónasson bæjarstjóri  
Klettsbúð 4  
360 HELLISSANDI

Kópavogi, 22. október 2021.

### Ágóðahlutagreiðsla 2021

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Þar var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnægja þessum skilyrðum hefur verið litið til meðalhækkunar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.


Ávöxtun verðbréfasafnsins sl. tvö ár er nokkuð góð þannig að ofangreind meðalhækkun eiginfjárins er 90 milljónir. Því ákvað stjórn EBÍ á fundi sínum þann 8. október sl. að greiddar verði út 90 milljónir til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2021.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddar út úr félaginu **7,2 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 2,245 % og greiðsla ársins þann 28. október verður þá hlutfall af kr. 90 milljónum eða kr. **2.020.500.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

  
Anna Sigurðardóttir  
Framkvæmdastjóri EBÍ.



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. nóvember 2021

2110025SA KB  
Málalykill: 11.06

### Efni: Boð um þátttöku sveitarfélaga í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 29. október 2021 var lagt fram meðfylgjandi bréf Landverndar, mótt. 20. október 2021, þar kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélaga er boðin þátttaka í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki, ásamt upplýsingum um námskeiðið. Þátttaka í upphafi verður sveitarfélögunum gjaldfrjáls en gjaldskráin yrði síðar meir endurskoðuð ef framvinda námskeiðsins gengur vel.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

*„Stjórnin tekur jákvætt í erindið og telur það fela í sér tækifæri til að auka þekkingu sveitarstjórnarfólks og styðja við þá vinnu sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í loftslagsmálum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að kynna erindið fyrir sveitarfélögum.“*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Til framkvæmdastjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

**Efni: Boð um þátttöku sveitarfélaga landsins í námskeiðinu Loftslagsvernd í verki**

Kæra framkvæmdastjórn

Eins og ykkur er kunnugt eru loftslagsbreytingar eitt brýnasta viðfangsefni samtímans sem krefst samvinnu stjórnvalda, atvinnulífsins og einstaklinga. Sveitarfélögin eru mikilvægur hluti af þeirri jöfnu og megum við því búast við metnaðarfullum stefnum sveitarfélaga í loftslagsmálum á komandi misserum.

Að því sögðu hefur Landvernd mikinn áhuga á því að styðja við sveitarfélög landsins og fræða sveitarstjórnar- og nefndarfulltrúa, sem og starfsmenn um loftslagsmálin og veita þeim hvatningu, tæki og tól til að takast á við vandann. Það viljum við gera með því að bjóða sveitarfélögunum að taka þátt í námskeiðinu **Loftslagsvernd í verki** sem haldið var í fyrsta skipti í febrúar á þessu ári. Námskeiðinu var komið á laggirnar sem eitt af fræðsluverkefnum Landverndar og er það styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Námskeiðið er í stuttu máli valdeflandi ferli fyrir hvern sem er til þess fræðast um loftslagsmálin og finna sínar eigin leiðir sem henta til þess að draga úr sínu eigin kolefnisspori og hvetja aðra til dáða. Námskeiðið er unnið í litlum hópum og tekur amk. 6 vikur að klára með vikulegum stuttum hópafundum og gagnvirkri þátttöku í **Vefskóla Landverndar**.

Þátttaka sveitarfélaga yrði í boði frá janúar 2022 og framvegis þar sem námskeið yrðu auglýst fyrirfram sérstaklega tileinkuð sveitarfélögunum, en námskeiðið er haldið regluglega yfir árið. Þátttaka í upphafi verður sveitarfélögunum gjaldfrjáls en gjaldskráin yrði síðar meir endurskoðuð ef framvinda námskeiðsins gengur vel. Framtíðarmöguleikar hljóða svo þannig, í samstarfi við sveitarfélögin sjálf, að bjóða íbúum þeirra sérstaklega að taka þátt í námskeiðinu og frekari námskeiðum sem kunna að vera í boði í Vefskóla Landverndar.

**Með þessu bréfi hvetur Landvernd framkvæmdastjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að taka boð þetta til skoðunar og umræðu.**

Með góðri kveðju,  
Kristján Geir Gunnarsson, verkefnisstjóri Loftslagsverndar í verki.



**Loftslagsvernd  
í verki**

VEFSKÓLI LANDVERNDAR

# Loftslagsvernd í verki

LEIÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR EIGIN KOLEFNISSPORI


## Loftslagsvernd í verki - Um námskeiðið

Fjarnámskeiðið Loftslagsvernd í verki er unnið í litlum hópum og með gagnvirkri þátttöku í Vefskóla Landverndar, sama hvar þátttakendur eru á landinu. Allir geta tekið þátt.

Hver þátttakandi verður hluti af litlum hópi sem ferðast saman í gegnum námskeiðið. Hópurinn vinnur sig í gegnum nokkra áfanga sem stuðla að því að hver þátttakandi skoði eigin lífsstíl, hvort sem er á heimilinu, í starfi eða sem almennur borgari – og meti til hvaða aðgerða hann geti gripið til að draga úr kolefnissporinu. Þátttakendur hafa þannig stuðning og fá hugmyndir frá félögum í hópnum. Í kjölfarið setja þátttakendur sér raunhæf markmið til skemmri og lengri tíma. Hópana leiða fróðir leiðbeinendur sem hafa hlotið til þess sérstaka þjálfun.

### Fyrirkomulag

Pegar fólk skráir sig á námskeiðið verður það hluti af 5 - 8 manna hópi. Hver hópur fær leiðbeinanda sem hefur hlotið sérstaka þjálfun í að leiða hópavinnu. Námsfernið er sett upp þannig að þátttakendur fara í ferðalag með upphafi, aðgerðum og endapunkti.



### Helstu viðfangsefni

Hver hópur hittist sjö sinnum og á hverjum fundi er áhersla á tiltekið viðfangsefni. Viðfangsefni eru skilgreind út frá þeim þáttum sem hafa mest áhrif á kolefnisspor einstaklinga:

1. **Upphafsfundur** (fyrirkomulag útskýrt, markmiðssetning kynnt, kolefnisspor mælt ofrv.)
2. **Samgöngur** (hvernig kemst ég á milli staða í daglega lífinu, á ferðalögum ofrv.)
3. **Matarvenjur** (matarsóun, kolefnisspor matvæla ofrv.)
4. **Húsnæði** (stærð, tegund, orkunotkun ofrv.)
5. **Neysla** (vörur og þjónusta, hringrásarhagkerfið ofrv.)
6. **Virkjum aðra** (hvatning að fá fleiri á námskeiðið + leiðir til að beita sér sem ábyrgur borgari ofrv.)
7. **Lokafundur** (hver var árangurinn, sameiginleg stund)





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. nóvember 2021

2101066SA KB/gb/em

Málalykill: 00.64

### Efni: Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis

Á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 29. október sl. var fjallað um þau verkefni sem eru framundan við innleiðingu hringrásarkerfis.

Stjórnin bókaði hvatningu til sveitarstjórna um allt land til að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinga um hringrásarhagkerfi sem taka gildi 1. janúar 2023. Aukið samstarf sveitarfélaga og meiri samræming í söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs eru án efa lykilþættir til að ná sem mestri hagkvæmni í þeim breytingum sem framundan eru í úrgangsmálum. Stjórnin væntir þess að sambandið geti orðið leiðandi í þeirri þróun, í góðu samstarfi við önnur stjórnvöld sem að málinu koma.

Ljóst er að öll sveitarfélög munu þurfa að endurskoða þau stjórnæki sem þau hafa á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs, þ.e.

1. Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs
2. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs
3. Gjaldskrár fyrir úrgangsmeðhöndlun

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur gert samning við VSÓ Ráðgjöf um gerð handbókar um úrgangsstjórnun sveitarfélaga, sem verður tilbúin á fyrsta ársfjórðungi næsta árs en verður að líkindum kynnt í nokkrum áföngum á meðan drögin eru í vinnslu. Áhersla verður lögð á að hraða verkþáttum sem snúa að undirbúningi sveitarfélaga, m.a. um gerð svæðisáætlana. Einnig hefur sambandið óskað eftir samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi það að halda fundi með sveitarfélögum um endurskoðun svæðisáætlana. Vakin er athygli á því að samkvæmt nýju lögunum koma svæðisáætlanir sveitarfélaga í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs og skulu þær byggja á stefnu um meðhöndlun úrgangs sem kom út í júní, „Í átt að hringrásarhagkerfi“.

Loks hefur sambandið gert samning við EFLU verkfræðistofu um leiðir til að innleiða svonefnda „Borgaðu þegar þú hendir“ (e. Pay as you throw) aðferðafræði við gjaldtöku í málaflokknum. Niðurstaða þess verkefnis mun liggja fyrir í byrjun næsta árs og verður þá kynnt sveitarfélögum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 2. nóvember 2021

2110003SA KB  
Málalykill: 04.10

### Efni: Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 29. október 2021 var lögð fram ályktun bæjarráðs Árborgar frá 30. september 2021, þar sem skorað er á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir fullri viðurkenningu ríkisvaldsins á leikskólastiginu sem menntastofnun með því að ríkisvaldið skilgreini sveitarfélögum tekjustofn til að standa straum af kostnaði við rekstur leikskóla frá lokum fæðingarorlofs. Jafnframt þarf að tryggja leiðir til að fjármagna þjónustu við fötluð börn á leikskólum og þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku, t.d. með jöfnunarframlögum.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin tekur undir bókun bæjarráðs Árborgar og telur hana vera í góðu samræmi við stefnumörkun sambandsins, þar sem kveðið er á um að sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskólavalar að fæðingarorlofi loknu. Lenging fæðingarorlofs í tólf mánuði hefur nú tekið gildi. Fyrir liggur skýrsla starfshóps um faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þurfi tillit til, þar á meðal varðandi mannafla og húsnæðisþörf leikskóla miðað við áætlaða fjölgun leikskólabarna á aldrinum eins til tveggja ára, ásamt leiðum til fjármögnunar. Nauðsynleg grunnvinna hefur því þegar farið fram sem flýtt getur fyrir viðræðum um málið milli ríkis og sveitarfélaga. Við umræðu um málið kom fram tillaga um að sambandið standi fyrir málþingi um leikskólamál þar sem rædd verði framtíðarsýn fyrir leikskólastigið. Stjórnin vísar þeirri tillögu til fræðslumálanefndar og sérfræðinga sveitarfélaga í fræðslumálum til nánari útfærslu.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri





Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 29. október 2021  
Tilv.: SRN21050071/3.14.0

Kæru þátttakendur,

sunnudaginn 21. nóvember 2021, verður haldinn hátíðlegur hér á landi alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Daginn sem jafnan er haldinn þriðja sunnudag í nóvember notum við til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni, leiða hugann að ábyrgð hvers og eins í umferðinni, en ekki hvað síst til að þakka þeim viðbragðsaðilum sem veita hjálp og björgun. Nærri lætur að 4.000 einstaklingar láti lífið og hundruð þúsunda slasast daglega í umferðinni í heiminum.

Í fyrra var minningardagurinn sniðinn að sérstökum aðstæðum í samfélaginu. Meðal annars var ekki haldin minningarstund við þyrlupallinn við Landspítalann í Fossvogi. Þess í stað var árvekníáttak í samfélaginu. Í ár munum við halda minningardaginn hátíðlegan með minningarstund í Fossvoginum. Árvekníáttakið í fyrra tókst ákaflega vel. Við munum því endurtaka það dagana 19.-21. nóvember 2021. Minningarviðburðir verða um land allt og fjallað um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi í fjölmiðlum, myndböndum og umræðum á samfélagsmiðlum.

Eins og í fyrra verður einkennislag dagsins lag Kristjáns Kristjánssonar, KK, *When I think of angels*, í flutningi hans og systur hans Ellenar Kristjánsdóttur. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992. Lagið verður flutt samtímis á öllum útvarpsstöðvum á minningardaginn sjálfan kl. 14:00.

Að þessu sinni verður dagurinn helgaður notkun bílbelta. Viðtöl verða í fjölmiðlum í tengslum við þennan mikilvæga þátt umferðaröryggis.

Á minningardaginn sjálfan munu félagar í Slysavarnarfélaginu landsbjörgu, ásamt fleiri viðbragðsaðilum, standa fyrir táknrænum minningarathöfnum um allt land í beinni vefútsendingu til að minnast fórnarlamba umferðarslysa. Kveikt verður á kertum hringinn í kringum landið af þessu tilefni.


Einn stærsti og mikilvægasti þátturinn á minningardegnum er að færa starfsstéttum, sem annast björgun og aðhlyningu þegar umferðarslys verður, þakkir fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf.



Við þökkum ykkur kærlega fyrir framlag ykkar og þátttöku í minningardegi undanfarinna ára. Við vitum að þið munið hér eftir sem hingað til gera allt sem í ykkar valdi stendur til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.

Ég óska okkur öllum góðs gengis við að auka öryggi í umferðinni.

Með kærri kveðju

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður Ingi Jóhannsson'. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Sigurður Ingi Jóhannsson  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



## Kristinn Jónasson

---

**From:** Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir <halldora.gunnarsdottir@frn.is>  
**Sent:** mánudagur, 25. október 2021 14:12  
**Subject:** Ósk um tilnefningu fulltrúa sveitarfélags vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Góðan dag.

Þann 1. janúar 2022 taka gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Félags- og barnamálaráðherra ber ábyrgð á því að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að undirbúa gildistöku laganna og styðja við innleiðingu þeirra en í því felst meðal annars að stýra aðgerðum við innleiðingu í samstarfi við ráðherra skv. 1. mgr. 3. gr. laganna og sveitarfélög.

Til að tryggja nauðsynlega aðkomu sveitarfélaga að innleiðingu laganna á öllum stigum óskar félags- og barnamálaráðherra hér með eftir því að hvert sveitarfélag tilnefni sérstakan fulltrúa innleiðingar. Viðkomandi aðili verður tengiliður sveitarfélagsins við ráðuneytið og alla þá aðila og hópa sem verkefninu tengjast. Til upplýsinga skal þess getið að jafnframt verður óskað eftir því að heilsugæslur/heilbrigðisstofnanir, lögreglustjórar, sýslumenn og framhaldsskólar tilnefni sambærilega fulltrúa innleiðingar. Auk þess verður óskað eftir tilnefningum fulltrúa stofnana á landsvísu.

Þess er vinsamlega óskað að tilnefning berist ráðuneytinu á netfangið [halldora.gunnarsdottir@frn.is](mailto:halldora.gunnarsdottir@frn.is) eigi síðar en **mánudaginn 1. nóvember nk.**

Jafnframt vekur ráðuneytið athygli á að í tengslum við innleiðingarferlið verður haldinn vinnufundur í Hörpu þar sem óskað verður eftir þátttöku fulltrúa innleiðingar. Fundurinn verður haldinn **miðvikudaginn 17. nóvember nk.** Nánari upplýsingar um dagskrá fundarins berast síðar í vikunni.

Með góðri kveðju,




**Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor**

Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Gústav Aron Gústavsson <gustav.a.gustavsson@srn.is>  
**Sent:** mánudagur, 11. október 2021 14:57  
**To:** Gústav Aron Gústavsson  
**Subject:** Eftirlitsnefnd sveitarfélaga - beiðni um útkomuspá 2021 og fjárhagsáætlun 2022

Góðan daginn.


Með tilvísun til 79. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, óskar eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga eftir að henni berist útkomuspá fyrir fjárhagsárið 2021 samhliða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 sem er lögð fyrir sveitarstjórn í lok október skv. 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnalaga.

Eftirlitsnefndin leggur ríka áherslu á að gerð sé útkomuspá fyrir árið 2021 sem grunnur að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 líkt og kveður á um í 2. mgr. 62. gr., en þar segir „að við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins“. Mikilvægt er að slík útkomuspá byggji á uppgjöri fyrir liðinn tíma, t.d. 9. mán. uppgjöri, og svo spá um eftirstöðvar ársins.

Óskað er eftir að útkomuspáin og fjárhagsáætlun 2022, eins og hún verður lögð fyrir sveitarstjórn, berist eigi síðar en 1. nóvember nk. á netfangið [gustav.a.gustavsson@srn.is](mailto:gustav.a.gustavsson@srn.is)


Telji viðtakandi ástæðu til að fá ofangreint erindi formlegra þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Kveðja,  
Gústav Aron




**Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government  
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
[www.samgonguraduneyti.is](http://www.samgonguraduneyti.is) - Fyrirvari/Disclaimer



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

# Snæfellsbær



**FJÁRHAGSÁÆTLUN**  
Aðalsjóðs, A-hluta og B-hluta stofnana  
Snæfellsbæjar fyrir árið 2022



## Fjárhagsáætlun fyrir rekstur Samstæðunnar árið 2022

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Rekstrartekjur</b>								
Skatttekjur .....	1.189.500	1.285.800	1.400.000	1.471.600	1.189.500	1.285.800	1.400.000	1.471.600
Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	515.500	495.100	460.500	528.400	515.500	495.100	460.500	528.400
Aðrar tekjur .....	270.425	273.365	281.505	328.268	803.313	835.645	867.447	786.353
<b>Tekjur alls</b>	<b>1.975.425</b>	<b>2.054.265</b>	<b>2.142.005</b>	<b>2.328.268</b>	<b>2.508.313</b>	<b>2.616.545</b>	<b>2.727.947</b>	<b>2.786.353</b>
<b>Rekstrargjöld</b>								
Laun og launatengd gjöld .....	(1.101.070)	(1.134.635)	(1.211.045)	(1.311.540)	(1.322.391)	(1.385.110)	(1.492.439)	(1.518.635)
Annar rekstrarkostnaður .....	(440.295)	(464.995)	(471.555)	(486.448)	(581.485)	(610.785)	(633.226)	(613.173)
Afskriftir .....	(70.865)	(78.010)	(82.685)	(85.160)	(128.098)	(135.363)	(140.906)	(118.850)
Skattar og önnur opinber gjöld .....	(29.935)	(28.905)	(30.250)	(31.995)	(45.361)	(43.995)	(45.615)	(47.635)
Styrkir og framlög .....	(319.210)	(332.350)	(352.265)	(392.770)	(338.050)	(351.910)	(371.825)	(418.970)
<b>Gjöld alls</b>	<b>(1.961.375)</b>	<b>(2.038.895)</b>	<b>(2.147.800)</b>	<b>(2.307.913)</b>	<b>(2.415.385)</b>	<b>(2.527.163)</b>	<b>(2.684.011)</b>	<b>(2.717.263)</b>
<b>Afkoma fyrir vexti</b>	<b>14.050</b>	<b>15.370</b>	<b>(5.795)</b>	<b>20.355</b>	<b>92.928</b>	<b>89.382</b>	<b>43.936</b>	<b>69.090</b>
Fjármunatekjur .....	89.700	92.300	92.800	89.000	91.050	93.149	93.493	89.000
Fjármagnsgjöld .....	(97.550)	(108.700)	(111.400)	(108.700)	(130.819)	(144.050)	(149.621)	(149.850)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>6.200</b>	<b>(1.030)</b>	<b>(24.395)</b>	<b>655</b>	<b>53.159</b>	<b>38.481</b>	<b>(12.192)</b>	<b>8.240</b>
<b>Fjárfestingar</b>	<b>0</b>	<b>100.000</b>	<b>170.000</b>	<b>19.500</b>	<b>0</b>	<b>422.780</b>	<b>495.190</b>	<b>69.500</b>

## Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2022

Eignir	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Fastafjármunir</b>								
Fasteignir, lóðir og lendum	2.203.800	2.505.500	2.672.000	2.610.000	2.823.070	3.110.000	3.270.000	3.162.500
Veitukerfi	0	0	0	0	399.000	384.000	386.000	398.500
Hafnarmannvirki	0	0	0	0	767.058	700.000	700.000	0
Gatnakerfi	375.000	375.000	440.000	585.000	375.000	375.000	440.000	585.000
Áhöld og tæki	113.500	175.000	183.000	171.500	151.575	212.100	222.600	186.500
Eignarhlutur í félögum	310.000	310.000	310.000	310.000	310.045	310.045	310.045	310.000
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B	615.000	665.000	681.565	750.000	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur	1.000	500	250	250	1.000	500	250	250
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>3.618.300</b>	<b>4.031.000</b>	<b>4.286.815</b>	<b>4.426.750</b>	<b>4.826.748</b>	<b>5.091.645</b>	<b>5.328.895</b>	<b>4.642.750</b>
<b>Veltufjármunir</b>								
Vörubirgðir	0	0	0	0	400	400	0	0
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	85.000	100.000	110.000	110.000	95.450	113.000	122.800	112.800
Hafnabótasjóður	0	0	0	0	0	3.400	3.400	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	70.000	70.000	70.000	75.000	70.000	70.000	70.000	75.000
Aðrar skammtímakröfur	40.000	40.000	40.000	40.000	43.835	40.200	40.150	40.200
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B	39.800	60.200	131.650	6.650	0	0	0	0
Handbært fé	50.000	100.000	100.000	100.000	115.000	165.000	165.000	100.000
	<b>284.800</b>	<b>370.200</b>	<b>451.650</b>	<b>331.650</b>	<b>324.685</b>	<b>392.000</b>	<b>401.350</b>	<b>328.000</b>
<b>Eignir</b>	<b>3.903.100</b>	<b>4.401.200</b>	<b>4.738.465</b>	<b>4.758.400</b>	<b>5.151.433</b>	<b>5.483.645</b>	<b>5.730.245</b>	<b>4.970.750</b>

## Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2022

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
<b>Eigið fé og skuldir</b>								
<b><u>Eigið fé</u></b>								
Eigið fé .....	2.523.600	2.957.000	3.089.265	3.014.400	3.306.073	3.595.645	3.674.145	2.845.500
<b>Eigið fé</b>	2.523.600	2.957.000	3.089.265	3.014.400	3.306.073	3.595.645	3.674.145	2.845.500
<b><u>Skuldir</u></b>								
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>								
Lífeyrisskuldbinding .....	425.000	450.000	475.000	480.000	436.500	461.000	486.000	492.000
Langtímalán .....	550.000	700.000	900.000	900.000	940.000	1.058.500	1.226.150	1.208.500
Búseturéttur .....	0	0	0	0	25.000	26.000	26.000	23.000
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	975.000	1.150.000	1.375.000	1.380.000	1.401.500	1.545.500	1.738.150	1.723.500
<b>Skammtímaskuldir</b>								
Viðskiptaskuldir .....	70.000	70.000	70.000	80.000	82.000	82.000	80.000	80.000
Næsta árs afborganir langtímalána .....	175.000	140.000	120.000	180.000	193.700	165.900	142.900	209.900
Aðrar skammtímaskuldir .....	159.500	84.200	84.200	104.000	168.160	94.600	95.050	111.850
<b>Skammtímaskuldir</b>	404.500	294.200	274.200	364.000	443.860	342.500	317.950	401.750
<b>Skuldir og skuldbindingar alls</b>	1.379.500	1.444.200	1.649.200	1.744.000	1.845.360	1.888.000	2.056.100	2.125.250
<b>Eigið fé, skuldir og skuldbindingar</b>	3.903.100	4.401.200	4.738.465	4.758.400	5.151.433	5.483.645	5.730.245	4.970.750



## Fjárhagsáætlun fyrir sjóðstreymi Samstæðunnar árið 2022

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>								
Rekstrarafkoma ársins .....	6.200	(1.030)	(24.395)	655	53.159	38.481	(12.192)	8.240
Afskriftir .....	70.865	78.010	82.685	85.160	128.098	135.363	140.906	118.850
Sölutap fastafjármuna .....	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	40.000	25.000	25.000	25.000	40.000	24.500	25.000	25.500
Verðbætur af skuldum og eignum .....	45.000	53.600	60.200	62.000	60.650	73.450	81.700	88.700
	162.065	155.580	143.490	172.815	281.907	271.794	235.414	241.290
<b>Veltufé frá rekstri</b>								
Vörubírgðir, breyting .....	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun .....	10.000	12.165	10.000	15.000	12.000	13.320	12.000	15.000
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	0	0	0	(20.000)	0	0	0	(20.000)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun) .....	15.000	15.000	10.035	(2.925)	13.000	13.000	(2.465)	(29.670)
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>	187.065	182.745	163.525	184.890	306.907	298.114	244.949	226.620
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>								
Afborganir langtímaverðbréfa .....	600	500	500	500	600	500	500	500
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(43.000)	(100.000)	(170.000)	(19.500)	(310.680)	(422.780)	(495.190)	(69.500)
Keypt fjárfestingaverðbréf .....	(5.000)	(3.500)	(3.500)	0	(5.000)	(3.500)	(53.500)	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting .....	(91.125)	0	(51.050)	(2.400)	0	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	(138.525)	(103.000)	(224.050)	(21.400)	(315.080)	(425.780)	(548.190)	(69.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>								
Nýjar langtímalán .....	130.000	40.000	200.000	0	145.000	100.000	210.000	0
Afborganir langtímaskulda .....	(185.000)	(140.000)	(140.000)	(180.000)	(203.700)	(173.900)	(171.400)	(209.900)
Framlag ríkissjóðs til hafnargerðar .....	0	0	0	0	0	105.887	199.650	0
Skuld við aðalsjóð .....	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting búseturéttar .....	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting .....	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	(55.000)	(100.000)	60.000	(180.000)	(58.700)	31.987	238.250	(209.900)
Lækkun handbærs fjárs .....	(6.460)	(20.255)	(525)	(16.510)	(66.873)	(95.679)	(64.991)	(52.280)
Handbært fé í upphafi árs .....	75.000	75.000	75.000	100.000	140.000	140.000	140.000	100.000
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>	<b>68.540</b>	<b>54.745</b>	<b>74.475</b>	<b>83.490</b>	<b>73.127</b>	<b>44.321</b>	<b>75.009</b>	<b>47.720</b>